



## **Að hlúa að tengslamyndun**

**Áhrifapættir í þróun tengsla feðra og ungbarna**

**Sigríður Ösp Sumarliðadóttir og Una María Bergmann**

**Ritgerð til BS prófs (12 einingar)**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ**

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

**Að hlúa að tengslamyndun**  
***Áhrifaþættir í þróun tengsla feðra og ungbarna***

Sigríður Ösp Sumarliðadóttir og Una María Bergmann

Ritgerð til BS prófs í hjúkrunarfræði

Leiðbeinandi: Hildur Sigurðardóttir

Hjúkrunarfræðideild

Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

**Fostering attachment**  
***Factors influencing the development of father-infant bonding***

Sigríður Ösp Sumarliðadóttir og Una María Bergmann

Thesis for the degree of Bachelor of Science

Supervisor: Hildur Sigurðardóttir

Faculty of Nursing

School of Health Sciences

June 2016



Ritgerð þessi er til BS prófs í hjúkrunarfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Sigríður Ösp Sumarliðadóttir og Una María Bergmann 2016

Prentun: Háskólaprent 2016

Reykjavík, Ísland 2016

# Ágrip

**Bakgrunnur:** Hlutverk feðra í tengslamyndun ungbarna hefur oft verið talið lítilvægt og fyrri rannsóknir gáfu í skyn að feður gegndu litlu hlutverki í félagslegum þroska ungbarna. Á undanförunum árum hafa væntingar til þátttöku feðra í uppeldi aukist og meiri krafa er um að þeir taki virkan þátt í umönnun barna sinna. Því hefur áhugi rannsakenda vaknað fyrir því að skoða nánar tengsl feðra við börn sín og hvaða áhrif feður hafa almennt á tengslamyndun þeirra.

**Tilgangur:** Tilgangur þessarar fræðilegu samantektar er að auka innsýn í reynslu feðra af föðurhlutverkinu ásamt því að skoða hvað hefur áhrif á tengslamyndun feðra og ungbarna. Einnig verður augum beint að því hvernig hjúkrunarfræðingar geta stuðlað að betri tengslamyndun feðra og ungbarna. Markmiðið var að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvað hefur áhrif á tengslamyndun feðra og ungbarna?
2. Hver eru áhrif öruggrar tengslamyndunar feðra og ungbarna?
3. Hver eru uppeldisleg og umhverfisleg áhrif á mótun föðurhlutverksins?
4. Hver er reynsla feðra af föðurhlutverkinu?
5. Hvernig er hægt að stuðla að árangursríkri tengslamyndun feðra og ungbarna í hjúkrun?

**Aðferðafræði:** Ritgerðin er fræðileg samantekt. Heimilda var aflað um þróun tengsla feðra við ungbörn og leitað var í gagnasöfnunum Google-Scholar, Science Direct og Pubmed. Stuðst var við 45 greinar við gerð ritgerðarinnar.

**Niðurstöður:** Niðurstöður benda til þess að samband milli foreldra, næmni, langir vinnudagar, þunglyndi feðra og geðslag barna hafi áhrif á þróun tengslamyndunar feðra og ungbarna. Örugg tengslamyndun feðra við börn sín virðist hafa áhrif á bæði líkamlega og andlega vellíðan barnanna. Fræðsla til feðra á meðgöngu og á nýburaskeiði barna þeirra virðist vera ábótavant.

**Ályktanir:** Höfundar telja mikilvægt að hjúkrunarfræðingar öðlist frekari þekkingu á mikilvægi tengslamyndunar feðra og ungbarna og geri sér grein fyrir þeim áhættuþáttum sem geta komið í veg fyrir árangursríka tengslamyndun.

**Lykilorð:** Öryggi tengslamyndunar feðra og ungbarna, reynsla feðra, umhverfisáhrif og íhlutanir hjúkrunarfræðinga.

## Abstract

**Background:** The role of fathers in developing attachment with infants has often been regarded minimal. Prior research has indicated that fathers play a minor role in the social development of infants. In recent years, the expectations of the father's involvement in the upbringing of the child, have increased. Today, fathers are required to be directly involved in the upbringing of their children. An ever increased involvement of fathers in the upbringing of their children has stimulated interest in researching the consequence of their involvement and what influence the fathers have on the child's attachment.

**Purpose:** The purpose of this literary review is to increase insight into the experience of fatherhood, as well as to examine what affects the attachment between fathers and infants. Furthermore, this literary review will discuss how nurses can encourage a better attachment between infants and fathers. The information was acquired by seeking the answer to the following questions:

1. What affects attachment between fathers and infants?
2. What are the mutual effects of secure attachment between fathers and their children?
3. What affect does pedagogical and environmental influences have on the development of fatherhood?
4. How do fathers experience fatherhood?
5. How can nurses contribute to a successful attachment between of fathers and infants?

**Method:** The thesis is a literary review and is based on 45 articles. Sources were obtained in following data bases: Pubmed, Science Direct and Google-Scholar.

**Results:** The results indicate that sensitivity, long working hours, depression of fathers, children's temperament and the relationship between the parents affect the attachment between fathers and infants. Secure attachment between fathers and their children seems to have a positive effect on the child. Pedagogical education of fathers during pregnancy and neonatal period seems to be severely lacking.

**Conclusion:** The authors stress the importance that nurses acquire knowledge about the benefits of successful attachment between fathers and infants, as well as that nurses are conscious of the factors that can prevent successful attachment.

**Key words:** Secure father-infant attachment, experience of fathers, environmental effects and nursing interventions.

## **Þakkir**

Höfundar vilja byrja á því að þakka Hildi Sigurðardóttur lektor fyrir góða handleiðslu og velvild við gerð ritgerðarinnar. Kærar þakkir fær Einar Kristinn Þorsteinsson fyrir enska þýðingu á ágrípi og Sigríður Gautsdóttir fyrir yfirllestur og gagnlegar ábendingar ásamt Guðbergi Sumarliðasyni fyrir aðstoð við uppsetningu. Við viljum þakka mæðrum okkar Jónínu Holm og Kristjönu Guðrúnu Guðbergsdóttur fyrir ómetanlega aðstoð og hvatningu sem og fjölskyldum okkar sem hafa veitt okkur stuðning í gegnum námið.



# Efnisyfirlit

Ágrip .....	4
Abstract .....	5
Þakkir .....	6
1 Inngangur.....	8
1.1 Tengslamyndun barna .....	9
1.2 Fæðingarpunglyndi feðra.....	10
1.3 Ástæður fyrir vali efnis og rannsóknarspurningar.....	11
1.4 Skilgreining hugtaka .....	12
2 Aðferðir .....	13
3 Niðurstöður .....	14
3.1 Áhrif reynslu feðra á tengslamyndun.....	14
3.2 Uppeldis- og umhverfisleg áhrif á tengslamyndun .....	15
3.3 Áhrif samskipta milli mæðra og feðra á tengslamyndun .....	16
3.4 Áhrif skapgerðar ungbarna á tengslamyndun .....	17
3.5 Áhrif næmni á öryggi tengsla .....	18
3.6 Áhrif atvinnu feðra á tengslamyndun.....	19
3.7 Áhrif fæðingarpunglyndis á tengslamyndun .....	20
3.8 Íhlutanir og meðferðir sem hafa áhrif á tengslamyndun .....	21
4 Umræður .....	23
4.1 Hvað hefur áhrif á tengslamyndum feðra og ungbarna?.....	23
4.2 Hver eru áhrif öruggrar tengslamyndunar feðra og ungbarna?.....	25
4.3 Hver eru upveldis- og umhverfisleg áhrif á mótun föðurhlutverksins? .....	25
4.4 Hver er reynsla feðra af föðurhlutverkinu? .....	26
4.5 Hvernig er hægt að stuðla að árangursríkri tengslamyndun feðra og ungbarna í hjúkrun? .....	28
Ályktanir .....	30
Takmarkanir og styrkleikar .....	31
Heimildaskrá .....	32
Fylgiskjöl .....	36

# 1 Inngangur

Á seinni hluta tuttugustu aldar hefur þátttaka feðra í uppeldi barna sinna aukist á vesturlöndum og er nú frekar gert ráð fyrir því að feður taki þátt í fæðingu og umönnun barna sinna en áður var (Johansson, Fenwick og Premberg, 2015). Gengið hefur verið út frá því að lykilkættir í tengslamyndun feðra og ungbarna byggja á hve mikið þeir eru til staðar fyrir börn sín. Einnig skiptir máli gæði þess tíma sem varið er með börnum sínum ásamt samskiptaháttum og hversu mikla ábyrgð feður axla á velferð og vellíðan barna sinna (Lamb, Pleck, Charnov og Levine, 1985).

Fyrri rannsóknir hafa gefið í skyn að feður gegni litlu hlutverki í félagslegum þroska ungbarna og talið var að tengsl mæðra við ungbörnin skiptu mestu máli fyrir almennan alhliða þroska þeirra. Aftur á móti hefur því verið haldið fram að feður gegni veigamiklu hlutverki þegar ungbörn fara að sýna aukinn áhuga á umhverfinu í kringum sig og síðar með auknum aldri þegar þau þróa með sér siðferðilega hugsun og kynhlutverk (Grossmann o.fl., 2002; Lamb, 1975).

Hlutverk kvenna á vinnumarkaði hefur aukist mikið í nútíma samfélagi og feður eru oft ekki lengur einu fyrirvinnur heimilisins, samt sem áður eru til konur sem eru óvissar um stöðu feðra í umönnunarhlutverkinu og ætlast ekki til þess að þeir taki jafn mikinn þátt í umönnun og þær. Margar mæður líta þó á feður sem mikilvægan hlekk í umönnun og gera ráð fyrir að þeir taki jafnan þátt í foreldrahlutverkinu og axli sameiginlega ábyrgð (Dienhart og Daly, 1997). Stefnur stjórnvalda í flestum löndum gera feðrum erfiðara fyrir að taka jafnan þátt í uppeldi og mæður. Í mörgum löndum fá feður takmarkað fæðingarorlof og oft vantar stuðning frá vinnuveitendum til þess að geta sinnt uppeldi og verið heima með veikum börnum sínum. Til þess að breyta þessari stefnu er nauðsynlegt að skoða vel hvaða áhrif feður hafa á þroska barna sinna (Sarkadi, Kristiansson, Oberklaid og Bremberg, 2008).

Nýlegar rannsóknir benda til þess að áhrif feðra á þroska barna fari að gæta strax á ungbarnaskeiði. Helstu áhættuþættir á þróun tengslamyndunar milli barna og feðra eru langir vinnudagar, persónueinkenni feðra og gæði sambands við barnsmæður (Sarkadi o.fl., 2008; Yago o.fl., 2014). Fæðingarþunglyndi feðra hefur einnig áhrif á tengslamyndunina, feðurnir eru oft hlédrægari í samskiptum og taka ekki eins virkan þátt í uppeldi barna sinna (Sethna, Murray, Netsi, Psychogiou og Ramchandani, 2015). Sýnt hefur verið fram á að börn þeirra feðra sem taka virkan og ábyrgan þátt í uppeldinu, þróa með sér betri mál- og vitsmunapróska, eru tilfinningalega stöðugri og eiga síður við hegðunarvandamál að stríða (Lamb, 1975). Þrátt fyrir aukinn fjölda rannsókna á tengslamyndun barna og feðra, skortir aukna þekkingu á mikilvægi góðra tengsla strax frá fæðingu, þar sem rannsakendur hafa að mestu lagt áherslu á tengsl feðra og barna seinna á lífsleiðinni. Rannsóknir hafa einnig gengið út frá þróun og mótun tengsla í gegnum leik feðra frekar en í gegnum umönnun (Lamb, 1975).

Áriðandi er að hjúkrunarfræðingar séu meðvitaðir um mikilvægi þess að feður byggja upp og þrói góð tengsl við ungbörn sín þar sem árangursrík tengslamyndun hefur áhrif á líkamlega og andlega líðan barna seinna meir (Lamb, 1975). Hjúkrunarfræðingar eiga í samskiptum við feður og börn þeirra meðal annars í gegnum mæðra- og ungbarnaeftirlit og gegna því veigamiklu hlutverki í fræðslu og stuðningi við feður. Þar fá hjúkrunarfræðingar tækifæri til að fylgjast með líðan þeirra og geta komið í veg fyrir áhættuþætti sem geta leitt til bágrar tengslamyndunar feðra og ungbarna. Einnig er mikilvægt

að hjúkrunarfræðingar geti miðlað þekkingu sinni áfram til feðra svo þeir verði meðvitaðir um áhættuþætti ófullnægjandi tengslamyndunar þar sem mikið liggur undir þegar kemur að líðan og þroska barna þeirra.

Markmið þessarar fræðilegu samantektar er að rannsaka áhættuþætti sem geta komið í veg fyrir árangursríka tengslamyndun, kanna áhrif bágrar tengslamyndunar á börn ásamt því að auka innsýn í reynslu feðra af föðurhlutverkinu. Hér á eftir verður því stuttlega farið yfir kenningar um tengslamyndun og hvernig tengslamyndun mótast og þróast hjá börnum. Einnig verður farið yfir fæðingarþunglyndi karla, birtingarmynd þess og áhættuþætti. Í niðurstöðum munu höfundar reyna að varpa ljósi á reynslu feðra af foreldrahlutverkinu á ungabarnaskeiði og þá þætti sem hafa áhrif á tengslamyndun þeirra við börn sín. Einnig verður farið yfir hvaða meðferð og íhlutanir hjúkrunarfræðingar geta beitt til að stuðla að bættri tengslamyndun. Í umræðum verður leitast eftir að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram. Að lokum verða dregnar ályktanir af niðurstöðum og farið verður yfir styrkleika og veikleika þessarar fræðilegu samantektar.

## 1.1 Tengslamyndun barna

Tengslamyndunarkenning Bowlby gengur út frá því að nýburar sé erfða- og/eða líffræðilega hneigðir til þess að sýna ákveðna hegðun með fyrirsjáanlegum afleiðingum (Lamb, 1975). Bowlby (1969) taldi að þessi hegðun væri tengd sjálfsbjargarhvötinni auk erfða- og umhverfisþátta. Hann taldi að þróun tengsla væri tengd næmni mæðra til að sinna börnum sínum og hvers eðlis samskipti þeirra voru. Kjarni tengslamyndunarkenningar Bowlby er að ungbörn mynda ekki aðeins tengsl við líffræðilegar mæður sínar heldur einnig þá umönnunaraðila sem sinna þeim reglulega. Kenningin gerir einnig ráð fyrir báðum foreldrum þar sem börn tengjast fyrst mæðrum en síðar feðrum. Talið er að það hjálpi börnum að byggja grunn að komandi tengslum, þó litið sé á feður meira sem leikfélaga en ekki sem aðal tengslamyndunaraðila (Bowlby, 1969).

Nýburar eru langt frá því að vera sem óskrifað blað. Börn hafa hegðunarkerfi sem virkjast við örvun líkt og snertingu, sjón og heyrn. Þessi hegðunarkerfi leggja grunninn að tengslamyndun (Bowlby, 1969). Bowlby lýsir fjórum stigum tengslamyndunar. Á fyrsta stigi sem nær frá fæðingu til um átta til tólf vikna aldurs, hegða nýburar sér á ákveðinn hátt í samskiptum við fólk. Hæfileikinn til að gera greinarmun á einstaklingum er bundinn við örvun sjón og heyrnar. Börn staðsetja og fylgja fólki eftir með augunum, teygja sig og grípa í það, þau eiga í samskiptum með því að brosa og hjala. Börn eiga það einnig til að gráta þegar það heyrir óþekkta rödd eða sér ókunnugt andlit. Þessi eðlislæga hegðun eflir ungbörn til frekari tjáskipta og því betur og lengur sem þeim er veitt athygli því betur tengjast börnin foreldrum sínum. Á öðru stigi tengslamyndunar, sem nær til um sex mánaða aldurs, halda börn áfram að hegða sér á sama vinsamlega mátann og á stigi eitt en beina athyglinni frekar að mæðrum heldur en öðrum í kringum sig. Börn gera meiri greinarmun á fólki á þriðja stigi tengslamyndunar og hægt er að sjá traust tengsl við mæður. Þau elta mæður sem fara í burtu, fagna þeim þegar þær koma aftur og leggja allt sitt traust á þær þegar þau skoða umhverfi sitt. Þau vinalegu tengsl sem börnin mynduðu áður við fólk, dvína. Þau velja sér einstaklinga til þess að koma í stað mæðra sinna þegar þær eru ekki til staðar, nálgast ókunnuga af varfærni og eru líkleg til þess að færa

sig frá ókunnugum. Á fjórða stigi tengslamyndunar eru börnin að þróa flóknara samband við umönnunaraðila og gera sér þá grein fyrir því hvernig hægt er að hafa áhrif á hegðun mæðra (Bowlby, 1969).

Börn sýna örugg tengsl þegar þau treysta þeim umönnunaraðila sem sér um grunnþarfir þess. Örugg tengsl hafa þróast milli barna og foreldra þegar börn leita til þeirra til dæmis þegar þau upplifa streitu og fara á stjál til að kanna umhverfi sitt og eru þá foreldrarnir stoð þeirra og stytta (Bowlby, 1969). Ainsworth, Blehar, Waters og Wall (1978) skilgreindu þrjár gerðir tengsla milli barna og umönnunaraðila sem þau byggðu á rannsókn sem gerð var á börnum í ókunnugum aðstæðum, þegar mæður þeirra yfirgáfu þau tímabundið (e. Strange Situation Procedure). Þessar þrjár tengslagerðir voru flokkaðar sem A, B og C. Þau börn sem flokkuðust í A sýndu forðunartengsl (e. avoidant), voru yfirleitt óhlýðin og forðuðust nálægð við umönnunaraðilann þegar hann sneri aftur. Þau sýndu einnig lítil merki um kvíða á meðan mæður voru í burtu. Þau börn sem flokkuðust í B höfðu yfirleitt myndað örugg tengsl (e. secure) við umönnunaraðila og sóttust þau eftir augnsambandi og líkamlegri snertingu. Þessi börn skoðuðu umhverfi sitt og léku sér mikið, undu sér vel og virtust róleg og örugg. C hópurinn sýndi blendnar tilfinningar (e. ambivalent) til aðskilnaðarins og þegar umönnunaraðili sneri aftur sýndu börnin reiðiviðbrögð en leituðust á sama tíma eftir nálægð. Börn í þessum hópi voru einnig síður líkleg til þess að skoða umhverfi sitt eða leika sér þegar umönnunaraðili var til staðar, viku ekki frá honum (Ainsworth o.fl., 1978).

## 1.2 Fæðingarpunglyndi feðra

Fæðingarpunglyndi getur lagst jafnt á feður sem mæður. Meiri áhersla hefur verið lögð á að fylgjast með og rannsaka líðan mæðra eftir fæðingu, þrátt fyrir að vitneskja sé um að algengi fæðingarpunglyndis hjá feðrum sé á bilinu 1,2 til 25,5% (Schumacher, Zubaran og White, 2008).

Eðlilegt er að feður finni fyrir togstreitu við komu barna í heiminn þar sem breyting verður á félags- og fjárhagstöðu þeirra en erfitt getur verið að festa reiður á fæðingarpunglyndi feðra. Þeir leynd oft tilfinningum sínum og vilja ekki draga athygli að eigin þörfum, heldur vilja að mæður fái óskipta athygli heilbrigðisstarfsfólks þar sem það eru þær sem fara í gegnum fæðingarferlið. Upplifun feðra á fæðingarpunglyndi er að mörgu leyti ólík upplifun mæðra. Helstu einkenni og viðbrögð sem feður hafa sýnt eru meðal annars reiði, sjálfsgagnrýni, óstöðugleika og eru þeir líklegri til að leita í áfengi og/eða fíkniefni. Þeir geta fundið fyrir meltingarfærtruflunum líkt og niðurgangi eða hægðatregðu og/eða breytingu á matarlyst með tilheyrandi þyngdaraukningu eða tapi. Þeir geta einnig fundið fyrir höfuðverk eða tannþínu og átt í erfiðleikum með svefn (Schumacher o.fl., 2008).

Ýmsir þættir geta aukið líkur á að feður upplifi fæðingarpunglyndi eftir komu barna í heiminn. Má þar nefna fyrri sögu um þunglyndi, atvinnuleysi og ef feður tilheyra minnihlutahópi í þjóðfélaginu. Samskipti og samband milli foreldra skiptir einnig miklu máli fyrir það sem koma skal, ef sambönd eru ekki byggð á gagnkvæmum og traustum grunni, eykur það líkur á fæðingarpunglyndi. Það sama á við um ef foreldrar slíta sambandi sínu. Fjárhagslegt óöryggi er álagsþáttur sem hefur neikvæð áhrif á líðan feðra og þeir geta upplifað mikla streitu tengt því. Feður geta upplifað óöryggi og vanlíðan ef þeir eru ekki nægilega vel upplýstir um meðgönguna og þann tíma sem á eftir kemur (Wee, Skouteris,

Pier, Richardson og Milgrom, 2011). Fjölskyldumynstur og stuðningsnet skiptir einnig miklu máli og það hvernig feður upplifa þann stuðning sem er í boði fyrir þá. Ef um misbrest er þar að ræða eða ófullnægjandi stuðningsnet, eykur það líkur á fæðingarþunglyndi. Talað hefur verið um að einn stærsti áhættuþáttur fyrir þunglyndi feðra sé fæðingarþunglyndi maka þeirra, en 24 til 50% þeirra þróa með sér fæðingarþunglyndi. Þegar feður horfa upp á vanlíðan barnsmæðra sinna og getuleysi þeirra til að hlúa að sjálfum sér og börnunum, geta þeir fundið fyrir vanmætti, hjálparleysi, hræðslu og óöryggi og skynja að framtíðinni sé ógnað (Schumacher o.fl., 2008). Aukin ábyrgð er lögð á feður þegar mæður glíma við fæðingarþunglyndi og nýja hlutverkið getur þá virkað yfirþyrmandi. Þeir eru þá líklegri til að upplifa meiri kvíða og vanlíðan, ásamt því að hafa aukna þörf fyrir stuðning. Feður í rannsókn Wee og fleiri sem áttu maka með fæðingarþunglyndi voru mun líklegri til að þróa með sér þrjár eða fleiri geðraskanir eins og kvíða, áfengismisnotkun, síþreytu, þunglyndi eða önnur sálræn vandamál. Rannsóknin sýndi þó að fyrri saga um geðraskanir feðra hafði ekki bein áhrif á þróun fæðingarþunglyndis. Aftur á móti hafa 66% þeirra kvenna sem þróa með sér fæðingarþunglyndi sögu um kvíðaröskun og 29,4% kvenna sem eiga sögu um þunglyndi eru í áhættuhópi þeirra sem geta þróa með sér fæðingarþunglyndi (Wee o.fl., 2011).

### 1.3 Ástæður fyrir vali efnis og rannsóknarspurningar

Höfundar finna fyrir vitundarvakningu í samfélaginu um mikilvægi þess að feður taki virkan þátt í uppeldi barna sinna. Þrátt fyrir það virðist vera skortur á fræðilegum samantektum um viðfangsefnið. Reynsla okkar úr námi bendir til þess að fræðsla um komu barna í heiminn og uppeldi þeirra beinist í meira mæli að mæðrum en feðrum. Feður virðast hafa orðið gleymda foreldrið (Lamb, 1975) og er tilgangur fræðilegrar samantektar að auka innsýn í upplifun þeirra af föðurhlutverkinu ásamt því að skoða hvað hefur áhrif á tengslamyndun feðra og ungbarna. Kannað verður hvort uppeldi og aðstæður feðra hafi áhrif á með hvaða augum þeir líta á föðurhlutverkið. Einnig verður reynt að leita leiða fyrir hjúkrunarfræðinga til þess að stuðla að betri tengslamyndun feðra og ungbarna.

Eftirfarandi rannsóknarspurningar voru settar fram:

1. Hvað hefur áhrif á tengslamyndun feðra og ungbarna?
2. Hver eru áhrif öruggrar tengslamyndunar feðra og ungbarna?
3. Hver eru uppeldisleg og umhverfisleg áhrif á mótun föðurhlutverksins?
4. Hver er reynsla feðra af föðurhlutverkinu?
5. Hvernig er hægt að stuðla að árangursríkri tengslamyndun feðra og ungbarna í hjúkrun?

## 1.4 Skilgreining hugtaka

Tengsl (e. attachment) eru ástrík bönd sem manneskja myndar við annan einstakling. Þessi bönd mismuna fólki og eru bundin við ákveðinn einstakling. Tengsl myndast á öllum aldri og þurfa ekki að gefa til kynna vanþroska eða sjálfsbjargarleysi (Ainsworth, 1969).

Næmni (e. sensitivity) vísar til eiginleika foreldra til þess að túlka og greina þarfir barna og bregðast við þeim á viðeigandi hátt (Ainsworth, Bell og Stayton, 1974)

Ungbarn (e. infant) er barn yngra en tveggja ára (Berger, 2014).

Tvíbent tengsl (e. ambivalent) vísa til ungbarna sem að tjá bæði reiði og leitast eftir nálægð við aðskilnað umönnunaraðila. Þessi ungbörn eru síður líkleg að skoða umhverfi sitt þegar umönnunaraðili er til staðar (Ainsworth o.fl., 1978).

Forðunartengsl (e. avoidant) vísa til ungbarna sem sýna vanlíðan við aðskilnað umönnunaraðila en forðast nálægð við umönnunaraðila þegar hann kemur til baka (Ainsworth o.fl., 1978).

Örugg tengsl (e. secure) vísa til ungbarna sem leitast eftir líkamlegri snertingu við umönnunaraðila og eru dugleg að kanna umhverfi sitt og taka þátt í leik (Ainsworth o.fl., 1978).

## 2 Aðferðir

Byrjað var að leita heimilda sem tengdust þróun tengsla feðra við ungbörn um miðjan október 2015. Heimilda var leitað í gagnasöfnunum Pubmed, Science Direct og Google-scholar. Stuðst var við leitarorðin: childhood development, father-infant relations, father-infant attachment, father-infant interaction, childhood attachment and nursing interventions with fathers. Takmarkanir á leit heimilda voru greinar yngri en 5 ára, rannsóknir á börnum yngri en tveggja ára og greinar þar sem heildartextinn var aðgengilegur. Einnig voru greinarnar allar á ensku. Vegna skorts á heimildum um efnið var leitin útvíkkuð og var þá gerð leit án takmarkana um aldur greina, til þess að kanna hvernig þróunin hafði orðið í rannsóknum á tengslamyndun feðra og ungbarna ásamt því að skoða fyrri þekkingu á tengslamyndun feðra. Leitin hélt áfram við lestur greina, þar sem vitnað var í áhugaverðar og nýtanlegar rannsóknir. Alls voru 60 greinar sem féllu undir leitarskilyrðin en 39 greinar urðu efnistak fræðilegu samantektarinnar þar sem innihald þeirra, að mati höfunda, áttu best við tilgang hennar. Teknar voru saman 10 lykilheimildir sem fjölluðu um tengslamyndun feðra og ungbarna og þær greindar í heimildatöflu sem sjá má í viðauka.

### 3 Niðurstöður

Hér á eftir verður fjallað um upplifanir og reynslu feðra af barneignarferlinu. Einnig verður farið yfir nokkra þætti sem hafa áhrif á tengslamyndun feðra við ungbörn sín. Að lokum verður fjallað um ávinning þess að feður taki sér fæðingarorlof og hvað hjúkrunarfræðingar geta gert til að stuðla að öruggri tengslamyndun feðra við ungbörn sín.

#### 3.1 Áhrif reynslu feðra á tengslamyndun

Í breskri rannsókn sem gerð var á upplifunum 11 feðra af fæðingum kom fram að feður skynjuðu hve lítið þeir tengdust konum sínum í barneignarferlinu. Þeir einbeittu sér því frekar að hlutlægum verkefnum fremur en að undirbúa sig andlega fyrir fæðingu barnanna. Fram kom í rannsókninni að feður upplifðu sig oftar sem áhorfendur en þátttakendur í fæðingarferlinu og voru tregir til þess að taka virkan þátt í því, þar sem þeir óttuðust að vera fyrir. Ástæðuna töldu þeir stafa af upplýsingaskorti sem hafi leitt til þess að þeir upplifðu sig órugga og vantreystu sér, fannst sem þeir gætu ekki haft stjórn á aðstæðum. Það eitt að horfa upp á maka sinn kvalinn í fæðingu olli þeim pirringi og hjálparleysi, þeir einfaldlega vissu ekki hvernig þeir gætu orðið konum sínum að liði í gegnum fæðingarferlið. Þeir vildu því fá upplýsingar um hvað þeir gætu gert til að verið hjálplegir í fæðingunni (Longworth og Kingdon, 2011).

Niðurstöður rannsóknar Fenwick, Bayes og Johansson (2012) sem gerð var á upplifunum 12 ástralskra feðra af meðgöngu og fæðingu barna sinna, styrkir þær niðurstöður sem komu fram í rannsókn Longworth og Kingdon (2011). Þar kom í ljós að á meðgöngutímanum sinntu feður ýmsum heimilisverkum sem þeir töldu nauðsynleg fyrir undirbúning og komu barnanna. Þeim fannst það sitt hlutverk og innlegg í fæðingarundirbúninginn að útbúa barnaherbergið og hafa bílstólinn tilbúinn sem og að pakka niður í tösku fyrir mæður. Upplifun þeirra af mæðraskoðun var sem þeir væru útundan, þeir upplifðu ekki líkamleg einkenni meðgöngu og ljósmæðurnar hugsuðu fyrst og fremst um líðan mæðrana. Ómskoðun hjálpaði þeim þó að tengjast börnunum og dró úr kvíða tengt fæðingunni. Að finna hreyfingar barnanna á kviði mæðra stuðlaði einnig að tengslamyndum við þau. Feðurnir voru yfirleitt spenntir fyrir því að kynnast börnum sínum. Hins vegar orlaði fyrir kvíða og fannst þeim sem þeir myndu missa fæturna í hinu nýju hlutverki. Það frelsi og daglegt líf sem þeir höfðu fyrir fæðingu barnanna og sú breyting sem yrði á lífsháttum þeirra, óttuðust þeir að þar með væru endalok gamla tímans. Þessar tilfinningar komu bæði fram hjá þeim sem áttu börn fyrir og þeirra sem voru að eignast sín fyrstu börn.

Í heildargreiningu Johansson, Fenwick og Premberg (2015) kom í ljós að þeir feður sem voru viðstaddir fæðingu barna sinna litu á það sem einstakt tækifæri til þess að mynda tengsl við þau. Longworth og Kingdon (2011) komust að því að fyrst eftir fæðingu töluðu feðurnir um börnin á formlegan hátt og virtust reyna að halda ákveðinni fjarlægð við þau. Þegar heim var komið þá hvarf þessi fjarlægð og fóru þeir þá að tengjast börnunum betur. Þeir 20 sænsku feður sem tóku þátt í rannsókn Fägerskiöld (2008) á skynjun feðra á föðurhlutverkinu, upplifðu miklar breytingar á lífi sínu eftir fæðingu barnanna og fannst sem öllu væri snúið á hvolf. Lífið varð óútreiknanlegt en samt sem



áður fylltust þeir stolti þegar þeir töluðu um börn sín, óháð kyni þeirra. Feðurnir virtust ekki vel undirbúnir fyrir tímabilið strax eftir fæðingu barna sinna og lögðu ljósmæður meiri áherslu á ástand mæðra og fæðinganna sjálfra frekar en líðan feðranna. Þeir leituðu upplýsinga hjá karlkyns vinum og vinnufélögum og deildu upplifunum sínum af föðurhlutverkinu.

Rannsókn Hudson, Elak og Fleck (2001) á þeim umskiptum sem verða hjá foreldrum eftir fæðingu barna og hvernig umönnunaröryggi og foreldraánægja þróast, sýndi að eftir því sem lengra leið frá fæðingu upplifðu feður aukna ánægju í foreldrahlutverkinu. Marktækur munur var á ánægju milli áttundu og tólftu viku eftir fæðingu. Einnig voru þeir feður sem voru sjálfstæðir í umönnun ungbarna við tólftu og sextánda viku frá fæðingu ánægðari með foreldrahlutverkið en þeirra sem voru það ekki. Þó upplifðu feður sig alltaf öruggari í umönnun en mæður. Marktæk tengsl voru milli ánægju feðra og kyns barna við áttundu og tólftu viku eftir fæðingu þar sem í ljós kom að ánægjan var meiri ef um drengi var að ræða fremur en stúlkur. Ekki var þó munur á hve sjálfstæðir feðurnir voru í umönnun barna sinna eftir kyni þeirra. Í rannsókn Guzzo (2011) sem gerð var á 3525 nýbökðuðum feðrum þess efnis, hvort feður þeirra hefðu haft áhrif á föðurhlutverk nýbökðuð feðranna, kom þó í ljós að feðrum fannst hlutverk sitt í uppeldi stráka ekki mikilvægara en í uppeldi stúlkna.

### **3.2 Uppeldis- og umhverfisleg áhrif á tengslamyndun**

Föðurímynd karla getur haft töluvert um það að segja hvers konar feður þeir verða sjálfir (Diaz, 2014). Rannsókn Diaz (2014), þar sem skoðað var hvort skynjun 4050 karlmanna af því uppeldi sem þeir hlutu í barnæsku, hafi haft áhrif á hegðun þeirra sem foreldrar og á sjálfsmat og streitu í foreldrahlutverki, leiddi í ljós að föðurímynd karlmanna hafði áhrif á sjálfsöryggi þeirra í föðurhlutverkinu. Fram kom í rannsókninni að þeir sem ólust upp við litla eða enga föðurímynd bjuggu yfir meira sjálfsöryggi í föðurhlutverkinu, heldur en þeir sem ólust upp hjá feðrum sem sýndu þeim meðalmikla umhyggju. Hins vegar voru þeir sem ólust upp hjá feðrum sem áttu við áfengis- eða fíknivanda að stríða mun líklegri til þess að hafa litla trú á sjálfum sér sem feður.

Skynjun manna á eigin ágæti í föðurhlutverkinu, fer einnig eftir sambandi þeirra við feður sína. Það hversu náð samband mennirnir áttu við sína eigin feður virtist hafa áhrif á hvernig þeir upplifðu sjálfa sig sem feður. Ef um náð föðursamband var að ræða voru meiri líkur á því að þeir skynjuðu sig á jákvæðan hátt. Einnig voru tengsl milli þess hvernig menn skynjuðu uppeldi feðra sinna og hversu oft þeir tóku þátt í leik við börn sín (Diaz, 2014). Þetta kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar Fägerskiöld (2008) þar sem föðurímyndin hafði áhrif á samskipti feðranna við börnin og að hve miklu leyti þeir tóku þátt í uppeldinu. Þar kom fram að þeir karlmenn sem áttu slaka föðurímynd, höfðu lítið sem ekkert tekið þátt í umönnun þeirra en tóku frekar þátt í leik með þeim.

Rannsókn Diaz (2014) leiddi einnig í ljós að það hvernig umhyggju menn fengu í æsku frá feðrum sínum hafði áhrif á þá umhyggju sem þeir veittu börnum sínum. Þeir báru sig oft saman við sína eigin feður eða leituðust eftir að verða föðurbetrungar. Menn sem upplifðu litla sem enga umhyggju frá feðrum sínum í æsku lögðu mikla áherslu á að veita börnum sínum hana. Þeir sem upplifðu einhverja umhyggju í æsku voru þó líklegri til að tileinka sér svipaða hegðun við sín eigin börn í stað þess að leitast við að gera betur. Þeir menn í rannsókn Diaz (2014) sem töldu sig hafa alist upp hjá kaldlyndum

feðrum voru líklegri til þess að örva málþroska barna sinna. Þeir sem ólust upp án feðra voru hins vegar ekki líklegri til þess. Þó var ekki munur á því hve mikið feður örvuðu málþroska barnsins, eftir því hvort þeir ólust upp án feðra eða með feðrum sem sýndu þeim einhverja umhyggju.

Föðurímynd feðra hefur einnig áhrif á hversu mikið þeir taka þátt í uppeldi barna sinna. Í rannsókn Guzzo (2011) kom í ljós að þeir feður sem ekki höfðu haft sterka föðurímynd í sínu uppeldi voru líklegri til þess að finnast mikilvægt að veita börnum sínum fjárhagslegan stuðning. Þeim fannst ekki heldur skipta máli að vera valdímmynd fyrir börn sín og voru þeir líklegri til að finnast umönnun barna mikilvægt hlutverk feðra.

Í niðurstöðum rannsóknar Diaz (2014) komu fram áhrif föðurímynda á streitu nýbökuðu feðranna. Ef karlmenn báru sig saman við föðurímynd sína og vildu líkjast henni þá voru meiri líkur á því að þeir upplifðu streitu í föðurhlutverkinu. Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að menntun mæðra þeirra feðra sem tóku þátt í rannsókninni hafði einnig áhrif á ímynd þeirra af föðurhlutverkinu með tilliti til streitu. Það fór eftir menntunarstigi mæðranna, hvernig þeir upplifðu streitu og litu á sjálfa sig sem feður, því betri menntun mæðranna því minni streitu upplifðu þeir. Menntun maka hafði einnig áhrif á sjálfsmynd og streitu feðra. Þeir feður sem áttu háskólamenntaðan maka voru 90% líklegri til að hafa jákvæða sjálfsmynd af sjálfum sér sem feður og fundu fyrir minni streitu í foreldrahlutverkinu. Þeir sem mátu samband sitt gott við maka voru einnig tvöfalt líklegri til þess að hafa meira sjálfsöryggi í föðurhlutverkinu en feður sem mátu sambandið slæmt.

Fleiri þættir hafa áhrif á skynjun feðra á sjálfsöryggi þeirra í föðurhlutverkinu. Áfengisvandamál og aldur karlmanna hafði einnig áhrif á mat þeirra um eigið ágæti sem feður. Þeir karlmenn sem glímdu við áfengis- eða fíknivanda voru 40% líklegri til að hafa lélegra sjálfsöryggi og slaka meðvitund um sjálfa sig sem feður. Einnig var sýnt fram á að karlmenn sem voru 24 ára og yngri eða eignuðust stúlkubörn upplifðu sjálfa sig óruggari, en aðrir feður, í föðurhlutverkinu (Diaz, 2014).

### **3.3 Áhrif samskipta milli mæðra og feðra á tengslamyndun**

Sýnt hefur verið fram á að samband foreldra við börn þeirra þróast á mismunandi hátt (Bell o.fl., 2007). Í rannsókn Bell og fleiri (2007), þar sem skoðuð voru innbyrðis tengsl milli foreldra og ungbarna og þróun tengsla fyrstu fjóru mánuðina eftir fæðingu barnanna, kom í ljós að margt væri þó líkt með upplifun foreldra af börnum þeirra fyrstu vikuna eftir fæðingu. Mæðurnar tengdust börnum sínum aðallega í gegnum grunnþarfir þeirra en feðurnir voru uppteknari af getu barnanna. Þeir höfðu frekar áhuga á því hvernig börnin brugðust við umhverfi sínu og leituðust þeir eftir því að finna eitthvað sameiginlegt með sér og börnum sínum. Á sjöttu viku eftir fæðingu upplifðu foreldrar að sambandið sem þeir hvort um sig höfðu myndað við börnin sín væri ólíkt því sambandi sem makarnir höfðu myndað við börnin. Bæði þessi tengsl voru þó metin jafn mikilvæg. Við sextánda viku höfðu foreldrarnir skilgreint hlutverk sín við börnin. Mæður skynjuðu þó samband feðra og ungbarna á fyrstu vikunum sem óruggt og að feður hefðu ekki næga þekkingu á ungbörnum eða þörfum þeirra. Feðurnir upplifðu að mæður og ungbörn væru tengdari sterkari tilfinningaböndum, en að þeirra eigin sambönd við börnin ættu eftir að þróast eftir því sem þau yrðu eldri. Þeim fannst hlutverk sitt á fyrstu vikunum aðallega felast í því að styðja við samband milli mæðra og ungbarna og verja þau fyrir

utankomandi áreitum. Í rannsókn Fägerskiöld (2008) sögðust feður taka fullan þátt í umönnun barna sinna, fyrir utan brjóstgjafir, en þeim fannst þeir þó bera sameiginlega ábyrgð á þeim. Á meðan á brjóstgjöfum stóð hjálpuðu þeir mæðrum í þægilega stöðu og reyndu að aðstoða þær eftir fremsta megni. Feðurnir upplifðu sig þó ekki sem aðalumönnunaraðila barnanna heldur litu þeir fremur á sig sem mikilvæga viðbót til aðstoðar. Foreldrarnir skiptu með sér hlutverkum en feðurnir sáu yfirleitt um að baða börnin og fannst þeim það frekar vera sitt hlutskipti ásamt því að aga börnin, á meðan mæður áttu að vera umhyggjusamar við þau.

Erel og Burman (1995) sýndu fram á að því sterkara sem samband feðra við maka sína var, því betri áhrif hafði það á þroska barna þeirra, og urðu þeir meðvitaðri um þarfir ungbarnanna. Ef sambönd milli foreldra voru slæm gat það haft neikvæð áhrif á börnin og aukið líkurnar á hegðunarvandamálum þeirra seinna meir. Bell og fleiri (2007) komust að því að á sjöttu viku eftir fæðingu barna var oft mikil spenna á milli foreldra. Verulega gat reynt á nýbakaða foreldra að tileinka sér nýja þekkingu og gat það valdið streitu hjá þeim. Þegar börnin urðu um sextán vikna gömul virtist hins vegar vera komin ró á foreldrana og fjölskyldulífið komið í betra jafnvægi. Feður tjáðu sig um mikilvægi þess að eiga í opnum samskiptum við maka sína, þeir töldu það vera mikilvægan þátt í að viðhalda góðum samskiptum.

Í rannsókn Yago og fleiri (2014) sem gerð var á mismunandi samskiptum feðra og mæðra við ungbörn sín kom í ljós að í hjónaböndum þar sem góð samskipti og ánægja milli foreldra var til staðar, minnkaði streita hjá feðrum og þeir áttu auðveldara með að sinna föðurhlutverki sínu. Niðurstöður rannsóknar Reneflot (2009) á því hvort munur væri á feðrum í hjónabandi eða í sambúð og skuldbindingum þeirra og ábyrgð gagnvart föðurhlutverkinu, sýndu að feður í góðu sambandi við mæður voru líklegri til þess að vera sammála þeirri fullyrðingu að það skipti þá máli að vera góðir feður.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að samband maka virðist hafa áhrif á skapgerð og tengslamyndun barna. Í rannsókn Wong, Mangelsdorf, Brown, Neff og Schoppe-Sullivan (2009) sem gerð var á áhrifum skapgerðar á tengslamyndun barna kom í ljós að feður sem litu á föðurhlutverkið sem mikilvægt og áttu gott samband við maka sína voru líklegri til þess að mynda örugg tengsl við börn sín. Þessu bar saman við niðurstöður langtímarannsóknar sem gerð var meðal annars á tengslum barna, við sex og tólf mánaða aldur, og feðra þeirra. Þar kom í ljós að einn af sterkustu þáttunum fyrir góðri og árangursríkri tengslamyndun barna og feðra, var traust samband feðra við maka sína (Condon, Corkindale, Boyce og Gamble, 2013).

### **3.4 Áhrif skapgerðar ungbarna á tengslamyndun**

Komið hefur fram að geðslag barna hefur áhrif á hvernig tengslamyndun feðra við börn sín verður (Condon o.fl., 2013). Rannsóknir hafa leitt í ljós að óróleg ungbörn sýna ekki eins jákvæða félagslega hegðun, séu ekki eins móttækileg og sýni síður ákjósanlega hegðun meðan þau nærast (Keefe, Kotzer, Froese-Fretz og Curtin, 1996; van den Bloom og Hoeksma, 1994). Svipaðar niðurstöður má sjá í rannsókn Rähä, Lehtonen, Huhtala, Salvea og Korvenranta (2002), sem gerð var á áhrifum magakveisu og mikillar óvæðar vegna hennar og hvernig samskipti foreldra við börn sín urðu.

Börnunum var skipt upp í tvo hópa eftir alvarleika magakveisu og hversu oft þau grétu, ásamt samanburðarhóp. Feður tjáðu sig minna við börn sín og töluðu ekki eins hlýlega til þeirra ef þau voru óvær. Þeir sýndu síður umhyggju gagnvart börnunum, brostu, föðmuðu og snertu börnin sjaldnar en samanburðarhópurinn. Einnig upplifðu þeir meiri kvíða og minni lífsánægju. Feðurnir mynduðu sjaldnar augnsamband við börn sín og 84,6% feðra barna með alvarlega magakveisu höfðu síður frumkvæði að félagslegum samskiptum við þau. Hóparnir voru einnig síður móttækilegir og næmir fyrir því hvernig börnin tjáðu þarfir sínar. Ungbörn sem voru með alvarlega magakveisu og grétu mikið sýndu einnig minni áhuga fyrir samskiptum við feður heldur en börn með meðalmikla magakveisu og samanburðarhópurinn. Svipaðar niðurstöður komu einnig fram í rannsókn Fägerskiöld (2008) en þar var sýnt fram á að feður léku frekar við börn sín ef þau voru geðgóð. Rannsókn Wong og fleiri (2009) ber saman við ofangreindar niðurstöður en þar kom fram að óvær börn mynduðu síður örugg tengsl við feður en ef feðurnir töldu föðurhlutverkið mikilvægt voru þeir líklegri til þess að mynda örugg tengsl við þau.

### 3.5 Áhrif næmni á öryggi tengsla

Rannsóknir á næmni foreldra fyrir tengslamyndun sýndu að það hafði neikvæð áhrif á börn ef þau mynduðu óörugg tengsl við feður sína og börnin sóttu síður í athygli feðranna. Ef feður voru viðstaddir fæðingu barnanna var það vísbending um hversu næmir feðurnir urðu síðar og í hve nánnum samskiptum þeir áttu við börnin í gegnum leik við tveggja ára aldur. Tveir þriðju þeirra feðra sem höfðu verið viðstaddir fæðingu barna sinna sýndu merki um örugga tengslamyndun við börn sín (Grossmann o.fl., 2002; Volling, McElwain, Notaro og Herrera, 2002).

Rannsókn Brown, Mangeldorf og Neff (2012) sem gerð var meðal annars á næmni feðra sýndi að næmni feðra hafði marktæk áhrif á öryggi tengsla, því meiri næmni, því öruggari tengsl urðu milli feðra og ungbarna. Niðurstöðurnar leiddu þó einnig í ljós þeir feður sem tóku mikinn þátt í uppeldi voru minna næmir en þeir feður sem tóku lítinn þátt í uppeldinu. Þessu ber saman við niðurstöður heildargreiningar sem gerð var á 16 rannsóknum á næmni feðra og tengslamyndun en þar kom einnig í ljós að samband væri milli næmni og öryggi tengsla. Heildargreiningin sýndi veik en áreiðanleg tengsl milli þess hve næmir feðurnir voru og hversu örugg tengsl mynduðust milli feðra og ungbarna. Hins vegar kom þar fram að þrátt fyrir að feður væru bæði næmir og örvuðu börnin í leik sem og í öðrum krefjandi aðstæðum stuðlaði það ekki frekar að öruggum tengslum heldur en ef þeir höfðu samskipti við börnin án þess að örva þau (Lucassen o.fl., 2011). Þessum niðurstöðum ber saman við niðurstöður langtímarannsóknar Grossmann og fleiri (2002) þar sem kom fram að ekki var samband milli leiks og næmni feðra og tengslamyndunar barna á fyrsta aldursári þeirra.

Fleiri rannsóknir hafa sýnt fram á að næmni hafi áhrif á tengslamyndun feðra og ungbarna. Fägerskiöld (2008) komst að því að feður áttu erfitt með að skilja tjáningu barna sinna fyrst eftir fæðingu en eftir því sem sterkari tengsl mynduðust urðu þeir næmari á þarfir þeirra. Volling og fleiri (2002) sýndu fram á að næmni feðra hafði áhrif á hversu ástúðleg samskipti þeirra voru við börnin, hvort sem það var í frjálsum leik eða kennslu. Feður virtust þó ekki vera jafn tilfinningalega til staðar í samskiptum við ungbörn og mæður en voru líklegri til þess að vera tilfinningalega til staðar fyrir

ungbörnin, ef þau sóttust í athygli þeirra og mynduðu þá frekar örugg tengsl við börnin. Ef ungbörnin sýndu jákvæðar tilfinningar í leik voru feður líklegri til þess að sýna jákvæðar tilfinningar í garð þeirra. Hins vegar sýndu þau börn sem ekki höfðu myndað sterk tengsl við feður frekar neikvæðari hegðun og sóttust lítið eftir athygli þeirra. Fram kom í rannsókn Hall, De Waard, Tooten, Hoffenkamp, Vingershoets og van Bakel (2014) að feður sem höfðu myndað góð tengsl við börn sín voru næmari og drógu sig síður í hlé frá þeim. Ungbörn þessara feðra voru einnig marktækt félagslyndari í garð þeirra, fengu meiri athygli og höfðu betri orðaforða en þau börn sem áttu ekki í eins góðu sambandi við feður sína. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu einnig fram á 33% mun milli málþroska barnanna út frá þátttöku feðra í uppeldi og næmni þeirra.

### 3.6 Áhrif atvinnu feðra á tengslamyndun

Feður eru líklegri til að fara fyrir á vinnumarkaðinn eftir fæðingu barna en mæður. Í bandarískri rannsókn Hudson og fleiri (2001) kom fram að meirihluti feðra voru mættir aftur til starfa innan við sjö dögum frá fæðingu barna sinna. Í rannsókn Fägerskiöld (2008) kom fram að feður upplifðu sig gegna lítillvægu hlutverki í umönnun barna vegna starfs síns og litu því svo á að mæður væru mikilvægari til að sinna þörfum ungbarnanna. Þeir lögðu samt sem áður áherslu á það að enginn gæti stigið inn í hlutverk feðranna.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að atvinna feðra hafi áhrif á tengslamyndun. Tveimur rannsóknum ber þó ekki saman um áhrif atvinnu feðra á öryggi tengslamyndunar. Niðurstöður Wong og fleiri (2009) leiddu í ljós að feður sem unnu langa vinnudaga voru ekki eins líklegir til þess að mynda örugg tengsl við börn sín. Aftur á móti sýndi heildargreining Lucassen og fleiri (2011) á sambandi milli næmni feðra og öryggi tengslamyndunar fram á, að vinna hefði ekki áhrif á öryggi tengslamyndunar.

Í rannsókn Premberg, Hellstrom og Berg (2008) sem gerð var á fæðingarorlofi og þróun tengsla milli feðra og ungbarna kom í ljós að feðrum fannst mikilvægt að ná að tengjast börnum sínum og vera heima með þeim í fæðingarorlofi en á sama tíma fannst þeim þeir bera aukna fjárhagslega ábyrgð. Ef þeir tóku fæðingarorlof styrktust tengslin og þeir kynntust börnum sínum betur, urðu þolinmóðari og næmari gagnvart þörfum ungbarnanna. Þegar þeir voru í fæðingarorlofi áttu börnin óskipta athygli þeirra. Atvinnurekendur litu þó ekki á fæðingarorlof sem sjálfsgöð mannréttindi og fannst feðrum erfitt að biðja þá um frí. Fram kom í rannsókninni að þrátt fyrir að feðrum hafi þótt mikilvægt að nýta rétt sinn og taka fæðingarorlof, fannst þeim jafn nauðsynlegt að sinna áhugamálum sínum, þrátt fyrir að eignast börn sem þyrftu athygli og umönnun. Þeir lýstu því að ef þeir ræktuðu ekki áhugamálin samhliða umönnun barna sinna þá myndu þeir týna sjálfum sér. Þeim þótti þessi þáttur mikilvægur og töldu að ef þeir gerðu eitthvað fyrir sjálfa sig þá hjálpaði það þeim við að takast betur á við föðurlutverkið. Þetta samsvarar að mörgu leyti niðurstöðum rannsóknar Bell og fleiri (2007) þar sem kom í ljós að feður litu á vinnu sína sem mikilvæga en settu þó fjölskylduna í forgang þar sem þeir vildu ekki missa af mikilvægum stundum með ungbörnum sínum. Þar kom þó fram að þeir sýndu áhugamálum sínum minni athygli og vildu eyða sem mestum tíma með nýfæddum börnum sínum.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof (nr. 95/2000) á Íslandi tóku fyrst gildi 6. júní 2000. Markmið laganna var að tryggja barni umgengni við báða foreldra. Greiðsla úr fæðingarorlofssjóði á að vera

80% af meðalheildartekjum. Fjöldi þeirra feðra sem tóku fæðingarorlof náði hámarki árið 2008 þegar 4383 karlar tóku fæðingarorlof en hefur síðan farið stíglækkandi og árið 2013 voru 3344 karlar sem nýttu sér fæðingarorlofsréttinn. Fjöldi kvenna sem tók fæðingarorlof hefur einnig farið lækkandi en samt sem áður tóku 4194 konur fæðingarorlof árið 2013 (Hagstofa Íslands, e.d.).

Lewis og fleiri (2009) báru saman feður sem sinntu börnum sínum meira en 20 tíma á viku við aðra feður sem sinntu þeim minna og kom þá í ljós að þeir skiptu oftar á bleyjum, gáfu barninu oftar að borða og tóku marktækt meiri ábyrgð á börnum sínum en aðrir feður. Einnig voru jákvæð áhrif á milli þess tíma sem börnin áttu með feðrum sínum og hversu mikið þeir nutu þess að leika við þau. Guzzo (2011) rannsakaði einnig skoðanir feðra á föðurhlutverkinu og áhrifum föðurfímyndar á reynslu þeirra og komst að því að feður töldu mikilvægt að vera til staðar fyrir börn sín í umönnun þeirra og uppeldi sem og fjárhagslega. Flestum fannst mikilvægara að eyða tíma með fjölskyldunni en að vinna. Hins vegar og þrátt fyrir þessar niðurstöður sýndi norsk rannsókn fram á að hálaunuðum feðrum fannst mikilvægara að vinna heldur en að eyða tíma með fjölskyldu sinni (Reneflot, 2009).

### 3.7 Áhrif fæðingarþunglyndis á tengslamyndun

Líkur eru á því að atferli og líðan foreldra hafi áhrif á þroska og vellíðan barna þeirra. Langtímarannsókn sem tók mið af þunglyndum feðrum eftir fæðingu barna þeirra, sýndi fram á að þau börn voru í aukinni hættu á að þróa með sér sálræn vandamál. Börnin áttu einnig frekar við hegðun vandamál að stríða en önnur börn strax við þriggja og hálfis árs aldur. Munurinn kom þó sterkar fram hjá strákum en stelpum (Ramchandani, Stein, Evans og O'Connor, 2005). Rannsókn Paulsson, Keefe og Leiferman (2009) sýndi fram á að þunglyndi feðra hafði neikvæð áhrif á það hvernig þeir tjáðu sig við börnin sín sem kom oft niður á þeim gæðastundum sem þeir annars áttu með þeim. Einnig kom það fram að þeir feður sem glímdu við þunglyndi lásu minna fyrir börnin sín sem hafði þau áhrif að málþroski barnanna varð slakari en annarra sem kom síðar meir niður á námsárangri þeirra. Í rannsókn Sethna og fleiri (2015) kom í ljós að enginn marktækur munur var á næmni þunglyndra feðra og þeirra sem glímdu ekki við þunglyndi, þegar skoðuð voru áhrif á næmni feðranna með tilliti til hve lítið þeir voru til staðar í uppeldishlutverkinu. Hins vegar var munur á þátttöku þeirra í leikjum með börnum sínum við 12 mánaða aldur þeirra, þar sem þeir tóku síður þátt í leik við börnin. Þeir feður í rannsókninni sem áttu við þunglyndi að stríða sýndu börnum sínum minni líkamlega örvun og styrkingu, sem þeim er nauðsynleg. Þeir aðstoðuðu börnin síður við að ganga og/eða héldu minna á þeim og voru einnig ólíklegri til að eiga í samskiptum við þau sem er einn af grunnþáttum málörvunar. Í rannsókn Yago og fleiri (2014) kom fram að fæðingarþunglyndi feðra var nátengt næmni þeirra til að skynja og meta þarfir barnanna. Fæðingarþunglyndi feðra tengdist einnig andlegri líðan og hegðun barnanna við þriggja til fimm ára aldur þeirra. Rannsóknin sýndi fram á að tíðni fæðingarþunglyndis feðra á fyrsta þriðjungi meðgöngu og fram að 12 mánaða aldri barna var 10,4%. Í grein Kane og Garber (2004) kom í ljós að ef annað hvort foreldrið glímdi við þunglyndi voru 20 til 25% líkur á því að börn þróuðu með sér sálfélagsleg vandamál seinna á lífsleiðinni og því væri mikilvægt að skima fyrir fæðingarþunglyndi beggja foreldra.

Að öllu jöfnu hafa mæður verið skimaðar fyrir fæðingarpunglyndi fljótlega eftir fæðingu barna. Til þess hefur Edinborgarpunglyndiskvarðinn (EPDS) oft verið notaður. Ef konur skora 13 stig eða fleiri á þeim kvarða eru þær í hættu að þróa með sér fæðingarpunglyndi og eru viðeigandi ráðstafanir þá gerðar. Sýnt hefur verið fram á að EPDS kvarðinn er einnig gildur til að skima fyrir bæði kvíða og punglyndi feðra eftir fæðingu. Karlmennt virðast þurfa að skora lægra á kvarðanum til þess að teljast vera í hættu á að þróa með sér fæðingarpunglyndi en konur þurfa. The Gotland Male Punglyndiskvarðinn tekur betur tillit til sérstakra einkenna sem eru ólík meðal kvenna og karla. Fæðingarpunglyndi karla birtist til dæmis í reiðiköstum, óstöðugleika og misnotkun áfengis og fíkniefna. EPDS kvarðinn og The Gotland male Punglyndiskvarðinn eiga það sameiginlegt að meta líkur á þunglyndi feðra 6 vikum eftir fæðingu (Schumacher o.fl., 2008).

### 3.8 Íhlutanir og meðferðir sem hafa áhrif á tengslamyndun

Í rannsókn sem gerð var á reynslu 959 sænskra feðra af mæðravernd kom í ljós að 82% þeirra höfðu jákvæða reynslu af barneignarferlinu. Aldur, sambúðarform, þjóðerni og menntun höfðu ekki áhrif á upplifunina, heldur skipti máli að þeir fengju stuðning og upplýsingar um barneignarferlið. Stuðningurinn virtist skipta meira máli fyrir karlmenn sem urðu feður í fyrsta sinn en upplýsingar fyrir þá sem höfðu eignast börn áður (Hildingsson, Cederlof og Widen, 2011).

Í kerfisbundinni fræðilegri samantekt sem gerð var á íhlutunum til feðra með ungbörn kom í ljós að meðferðir líkt og ungbarnanudd, fræðsla fyrir fæðingu um atferli nýbura, kengúrumeðferð og umræðuhópar fyrir feður skiluðu marktækum áhrifum á samskipti feðra við börn sín. Íhlutanirnar gerðu feðrum kleift að læra, fylgjast með og túlka hegðun ungbarna sinna ásamt því að veita þeim tækifæri til að eiga í samskiptum við þau. Aðferðirnar höfðu áhrif á skynjun og þekkingu feðra á ungbörnunum. Feðurnir tjáðu einnig að börnin sýndu betri hegðun eftir íhlutanirnar. Ungbörn sem fengu nuddmeðferð hjá feðrum urðu skapbetri, hegðuðu sér betur og mynduðu frekar augnsamband við þá. Þau börn sem fengu kengúrumeðferð frá feðrum sínum á ungbarnagjörgæslu höfðu betri hreyfi- og vitsmunalegan þroska við þriggja mánaða aldur (Magill-Evans, Harrison, Rempel og Slater, 2006). Megininntak kengúrumeðferðar byggist á náinni snertingu, húð við húð meðferð þar sem að ungbörn er lögð að líkama foreldra til styttri eða lengri tíma. Meðferðin virðist hafa jákvæð áhrif á sálfélagslega þætti foreldra og einnig hefur meðferðin góð áhrif á líðan nýbura og þroska þeirra, sérstaklega ef um fyrirbura er að ræða (Anderzen-Carlsson, Lamy og Eriksson, 2014). Tíðni íhlutana virtist skipta máli þegar kom að áhrifum þeirra. Feður sem fengu tíðar íhlutanir urðu fyrir jákvæðustu áhrifunum. Þeir studdu börn sín frekar við nám og voru líklegri til þess að vera til staðar fyrir þau (Magill-Evans o.fl., 2006).

Í rannsókn sem gerð var á þátttöku feðra á námskeiði í ungbarnanuddi og áhrifum þess á feður, kom í ljós að verulega dró úr streitueinkennum sem tengdust foreldrahlutverki þeirra. Einkennum á borð við hræðslu um vanhæfni í umönnun, tengslamyndun og stuðning við maka sína. Feðurnir upplifðu sig einnig síður einangraða þar sem þeir hittu aðra feður á námskeiðinu og gátu deilt með þeim reynslu sinni (Cheng, Volk og Marini, 2011).

Benzies, Magill-Evans, Harrison, MacPhail og Kimak (2008) rannsökuðu hvernig hægt væri að styrkja samskipti 81 nýbakaðra feðra við fimm mánaða gömul börn sín. Feðurnir fengu þrjár heimavítjanir frá heilsugæsluhjúkrunarfræðingi. Vítjanirnar voru teknar upp og síðan var farið yfir þær og samskipti feðra og ungbarna skoðuð. Þessi íhlutun virtist hjálpa feðrum að verða meðvitaðri um samskipti við börn sín, sem urðu betri með tímanum. Þetta styður rannsókn sem gerð var á fimm feðrum og samskiptum þeirra við börn sín. Teknar voru myndbandsupptökur af þeim að sinna börnunum. Myndbandsupptökurnar voru síðan greindar með feðrunum og þeim bent á úrbætur. Aðferðin hafði jákvæð áhrif á tengsl við börnin og juku skilning feðranna á börnum sínum og ávinningurinn var betri samskipti milli feðra og barna (Lawrence, Davies og Ramchandani, 2013).

Í rannsókn Benzies og fleiri (2008) kom einnig fram að feðurnir sýndu áhuga á umræðuhópum þar sem þeir gátu tjáð sig og fengið upplýsingar frá öðrum feðrum um næringu og svefn barna, eftir tólf mánaða aldur þeirra.



## 4 Umræður

Hér á eftir verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem settar voru fram í inngangi og draga saman niðurstöður fræðilegrar samantektar.

### 4.1 Hvað hefur áhrif á tengslamyndum feðra og ungbarna?

Tengslamyndun virðist hefjast strax á meðgöngu með tilstuðlan ómskoðunar og þegar feður finna hreyfingar barna sinna í móðurkviði (Fenwick o.fl., 2012). Feður líta á fæðinguna sem tækifæri til þess að mynda tengsl við börn sín. Ef feður eru viðstaddir fæðinguna virðist það hafa áhrif á næmni þeirra og sýndu tveir þriðju þeirra feðra sem höfðu verið viðstaddir fæðingu merki um örugg tengsl (Grossmann o.fl., 2002; Johansson o.fl., 2015). Því virðist vera mikilvægt að feður taki virkan þátt á meðgöngutímanum og í fæðingu til þess að stuðla að tengslamyndun strax frá byrjun. Rannsakendur eru sammála um að næmni hafi áhrif á tengslamyndun (Lucassen o.fl., 2011; Planalp og Braungart-Rieker, 2013). Niðurstöður rannsóknar Brown og fleiri (2012) sýndi fram á að næmni hafði áhrif á öryggi tengsla. Aftur á móti kom í ljós að þátttaka í uppeldi hafði ekki áhrif á öryggi tengsla. Ef feður voru næmir tóku þeir ekki endilega meiri þátt í uppeldi barna heldur en ef þeir voru ekki eins næmir en þrátt fyrir það mynduðust örugg tengsl. Hægt væri að túlka þessar niðurstöður þannig að ef feður eru næmir þá skiptir ekki máli hversu mikinn þátt þeir taka í uppeldinu þar sem þeir skynja frekar þarfir barnanna og ná að tengjast þeim á þann hátt. Ef feðurnir eru hins vegar ekki eins næmir, þá verða þeir að verja meiri tíma með börnunum til þess að mynda örugg tengsl. Einnig virðist vera að feður sem þegar hafa myndað góð tengsl við börn sín séu næmari og vilji frekar eiga í samskiptum við þau (Hall o.fl., 2014). Örvun í leik hafði þó ekki áhrif á öryggi tengslamyndunar barna, tengslin voru jafn örugg, hvort sem feður örvuðu börn sín í leik eða áttu í samskiptum við þau án örvunar. Ekki var heldur samband milli leiks, næmni feðra og tengslamyndunar (Grossmann o.fl., 2002; Lucassen o.fl., 2011).

Samband milli foreldra virðist geta haft áhrif á tengslamyndun barna og feðra. Feður eru líklegri til þess að finnast mikilvægt að vera góðir feður ef samband þeirra við barnsmæður þeirra er gott og einn sterkasti áhrifaþáttur fyrir árangursríkri tengslamyndun barna og feðra, við sex og tólf mánaða aldur, eru gæði sambands við maka (Condon o.fl., 2013; Reneflot, 2009).

Geðslag barna hefur einnig áhrif á tengslamyndun feðra við ungbörn sín. Feður virðast sýna þeim minni athygli, tala ekki eins hlýlega til þeirra og sýna þeim minni umhyggju ef þau eru óvær. Þeir mynda sjaldnar augnsamband og 84% þeirra hafa síður frumkvæði að samskiptum. Feðurnir virðast ekki vera eins móttækilegir og næmir fyrir þörfum barnanna. Niðurstöður leiddu í ljós að óvær ungbörn mynduðu síður tengsl við feður sína. Hins vegar virtist það skipta máli hvað feðrum fannst sjálfum um mikilvægi föðurhlutverksins, ef þeim fannst það skipta máli, þá voru þeir líklegri til þess að mynda örugg tengsl við þau (Condon o.fl., 2013; Råihä o.fl., 2002). Því má álykta að geðslag hafi áhrif á tengslamyndun feðra við börn sín og er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar séu vakandi fyrir áhættuþáttum slakrar tengslamyndunar.

Í rannsókn Hudson (2001) kom fram að flestir feður höfðu snúið aftur til vinnu innan við sjö dögum frá fæðingu barna sinna. Hafa ber þó í huga að þetta er bandarísk rannsókn og fróðlegt væri að vita hvort það sama eigi við í íslensku samfélagi. Wong og fleiri (2009) komust að því að langir vinnudagar hefðu áhrif á öryggi tengslamyndunar en Lucassen og fleiri (2011) komust ekki að sömu niðurstöðu. Hér gæti hafa verið munur á heimildum þar sem Lucassen og fleiri (2011) er heildargreining á 16 rannsóknum en Wong og fleiri (2009) er rannsókn þar sem úrtaksstærðin var 62 fjölskyldur.

Feðrum fannst mikilvægt að nýta sér rétt sinn til fæðingarorlofs og töldu það stuðla að tengslum við börnin. Feður virðast kynntast börnum sínum betur og verða næmari gagnvart þörfum þeirra ef þeir nýta sér fæðingarorlofsrétt sinn. Þrátt fyrir allt þá finnst þeim sem þeir beri aukna fjárhaglega ábyrgð, sem fylgir þegar börn fæðast. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að feðrum finnst erfitt að spyrja atvinnurekendur sína um frí þar sem ekki er almennur skilningur á mikilvægi þess að feður taki sér fæðingarorlof (Premberg o.fl., 2008). Hér er einnig um að ræða bandaríska rannsókn og áhugavert væri að kanna hvort það sama eigi við á Norðurlöndunum.

Feður sem sinna ungbörnum meira en 20 tíma á viku taka meiri þátt í umönnun þeirra og einnig virðast þeir frekar njóta þess að leika við börnin (Lewis o.fl., 2009). Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2013) fer þeim feðrum sem taka fæðingarorlof fækkandi og er það áhyggjuefni þar sem vitneskjan er til staðar um mikilvægi þess að feður verji tíma með ungbörnum sínum til þess að stuðla að árangursríkri tengslamyndun. Höfundar telja mikilvægt að rannsaka hvað veldur því að feður taki minna fæðingarorlof en áður. Velta má því fyrir sér hvort kynbundinn launamunur gæti spilað þar inn í.

Þunglyndi feðra virðist einnig hafa áhrif á tengslamyndun þeirra við börn sín. Fæðingarþunglyndi hefur neikvæð áhrif á hvernig feður tjá sig við börnin og kemur það niður á gæðastundum þeirra, þeir sýna minni líkamlega hvatningu og örvun á málþroska (Paulson o.fl., 2009; Sethna o.fl., 2015). Sethna og fleiri (2015) komust þó að því að ekki væri marktækur munur milli næmni þunglyndra feðra og þeirra sem ekki voru þunglyndir. Hins vegar hafði það áhrif á hversu mikið þunglyndir feður voru til staðar fyrir börn sín. Aftur á móti komust Yago og fleiri (2014) að því að fæðingarþunglyndi feðra hafði áhrif á næmni þeirra. Hér gæti verið um að ræða misræmi í rannsóknum vegna úrtaks þar sem þátttakendur í í rannsókn Sethna voru 192 en í rannsókn Yago voru þeir aðeins 16. Rannsókn Yago og fleiri (2014) fór fram í Japan og má alveg velja því fyrir sér hvort hægt sé að staðfæra japanskt samfélag yfir á vestrænt samfélag. Áhugavert væri þó að sjá fleiri rannsóknir tengdar þunglyndi feðra og næmni þeirra.

Niðurstöður benda því til þess að fjölmargir þættir hafi áhrif á tengslamyndun barna. Það að feður séu viðstaddir fæðingu barna sinna virðist skipta máli þegar um næmni er að ræða og hefur það áhrif á öryggi tengslamyndunar. Samband milli foreldra og geðslag barna virðist einnig hafa áhrif á tengslamyndun sem og andleg líðan feðra (Fenwick o.fl., 2012; Råihä o.fl., 2002; Reneflot, 2009). Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar þekki þessa þætti og reyni að leita lausna ef þeir eru til staðar og geti þannig stuðlað að öruggri tengslamyndun feðra og ungbarna. Brýnt er að hjúkrunarfræðingar hvetji feður til þess að taka sér fæðingarorlof og minni á mikilvægi þess í opinberri umræðu.

## 4.2 Hver eru áhrif öruggrar tengslamyndunar feðra og ungbarna?

Öryggi tengslamyndunar virðist hafa áhrif á hegðun ungbarna. Komið hefur í ljós að börn sem ekki hafa myndað sterk tengsl við feður sína, sýna frekar neikvæða hegðun og sækjast síður eftir athygli þeirra. Samband feðra við maka virðist einnig hafa áhrif á þroska barna og hve meðvitaðir foreldrarnir eru um þarfir þeirra. Ef sambandið er slæmt milli foreldra getur það aukið líkur á hegðunarvandamálum barna þegar fram í sækir (Erel og Burman, 1995).

Fæðingarpunglyndi feðra hefur einnig áhrif á hegðun barna en þau börn sem eiga feður sem glíma við fæðingarpunglyndi eiga frekar á hættu að þróa með sér sálræn vandamál og sýna hegðunarerfiðleika. Þessi munur kemur þó sterkar fram hjá strákum en stelpum (Ramchandani o.fl., 2005) sem gæti gefið til kynna að drengir séu viðkvæmari fyrir því að öruggi tengslamyndunar sé ógnað. Yago og fleiri (2014) komust einnig að þeirri niðurstöðu að fæðingarpunglyndi feðra væri tengt andlegri líðan og hegðun barna við þriggja og fimm ára aldur þeirra. Ef foreldri glímur við fæðingarpunglyndi eru 20-25% líkur á því að börn þeirra þrói með sér sálfélagsleg vandamál síðar á lífsleiðinni (Kane og Garber, 2004). Fæðingarpunglyndi hefur einnig áhrif á málþroska barna og námsárangur þeirra seinna meir en í ljós hefur komið að þunglyndir feður lesa síður fyrir börn sín. Það hvernig feður tjá sig við börnin kemur einnig niður á gæðastundum þeirra (Paulson o.fl., 2009).

Uppeldi hefur áhrif á þroska barna en komið hefur í ljós að 33% munur er á milli málþroska barna sem áttu feður sem tóku virkan þátt í uppeldinu og þeirra sem áttu feður sem ekki tóku virkan þátt. Ungbörnin voru einnig félagslyndari í garð feðra sinna og höfðu meiri orðaforða (Hall o.fl., 2014).

Niðurstöður benda því til þess að uppeldi og samband við maka virðist hafa áhrif á þroska ungbarna og einnig hefur fæðingarpunglyndi margvísleg neikvæð áhrif á þau. Líkur eru á því að ungbörn þrói með sér verri andlega líðan og hegðun, ásamt því að námsárangur verður slakari seinna meir (Erel og Burman, 1995; Paulson o.fl., 2009; Ramchandani o.fl., 2005; Yago o.fl., 2014). Þetta eru þættir sem hjúkrunarfræðingar þurfa að hafa í huga í samtölum sínum við feður, því örugg tengslamyndun hefur mikið að segja um andlega og líkamlega líðan barna í framtíðinni.

## 4.3 Hver eru uppeldis- og umhverfisleg áhrif á mótun föðurhlutverksins?

Ýmsir þættir, bæði uppeldis- og umhverfislegir, hafa áhrif á það hvernig föðurhlutverkið mótast (Diaz, 2014; Guzzo, 2011). Eftirfarandi þættir hafa jákvæð áhrif á mótun föðurhlutverksins. Karlmennt sem alast upp við litla eða enga föðurímynd eru líklegri til að upplifa meira sjálfsöryggi en þeir sem alast upp með feðrum sem sýna þeim meðalmikla umhyggju. Aftur á móti eru þeir karlmenn sem eiga í góðu sambandi við feður sína einnig líklegri til þess að hafa betri sjálfsmynd (Diaz, 2014). Af þessu má álykta að þegar karlmenn hafa veika föðurímynd þá gætu þeir haft lægri viðmið gagnvart föðurímynd sinni og upplifað sig sjálfsöruggari í föðurhlutverkinu en aðrir feður. Hins vegar ef karlmenn eiga í góðu sambandi við feður sína gætu þeir skynjað meiri stuðning frá þeim og þess vegna hafa þeir betra sjálfstraust sem feður. Enn fremur benda niðurstöður til þess að þeir karlmenn sem eiga ekki sterka föðurímynd frá æsku vilja veita börnum sínum fjárhagslegan stuðning en finnst það skipta minna máli að vera valdímynd barna sinna. Þeim finnst mikilvægt að vera til staðar fyrir börn sín og veita þeim umhyggju (Guzzo, 2011). Þeir karlmenn sem alast upp með kaldlyndum feðrum eru líklegri til þess að

eiga í meiri samskiptum við sín eigin börn og eru duglegri að örva málþroska þeirra en þeir feður sem alast upp með feðrum sem sýna meðalmikla umhyggju (Diaz, 2014). Höfundar draga þá ályktun að ef feður hafa slæma föðurímynd reyna þeir að bæta hana upp í stað þess uppeldis sem þeir hlutu sjálfir, með því að veita börnum sínum fjárhagslegan stuðning, umhyggju og taka þátt í umönnun barnanna. Skynjun feðra á því hvort þeir séu góðir feður virðist einnig fara eftir sambandi þeirra við barnsmæður og menntun þeirra. Þeir feður sem eiga maka sem eru háskólamenntaðir eru 90% líklegri til að hafa jákvæða sjálfsmýnd af sjálfum sér sem feður. Einnig hefur menntun mæðra þeirra áhrif á hversu mikla streitu þeir upplifa í föðurhlutverkinu, því menntaðri mæður því minni er streitan (Diaz, 2014).

Eftirfarandi þættir hafa neikvæð áhrif á mótun föðurhlutverksins. Ef karlmenn miða frammistöðu sína við þá ímynd sem þeir hafa af feðrum sínum, eru þeir líklegri til að upplifa streitu í föðurhlutverkinu. Höfundar þessarar fræðilegu samantektar álykta því að feður virðast vera öruggari í föðurhlutverkinu ef þeir eiga ekki föðurímynd til þess að bera sig saman við og gera þá mögulega minni kröfur til sjálfs síns. Þeir menn sem alast upp án feðra eru ekki líklegir til þess að örva málþroska barna sinna. Einnig virðist vera að þeir karlmenn sem alast upp hjá feðrum sem eiga við áfengis- eða fíknivanda að stríða séu líklegri til að hafa ekki jafn mikla trú á sér sem feður. Ef karlmennirnir sjálfir glíma við áfengis- eða fíknivanda, virðast þeir einnig vera 40% líklegri til að búa yfir lélegra sjálfsöryggi sem feður. Sérstaklega ættu hjúkrunarfræðingar að huga að ungum feðrum, 24 ára og yngri, og þeim sem eignast stúlkubörn þar sem sýnt hefur verið fram á að þeir upplifa sig óöruggari í föðurhlutverkinu en aðrir feður (Diaz, 2014).

Það virðist því vera að föðurímynd karlmanna og uppeldi þeirra hafi áhrif á sjálfsmýnd þeirra og sjálfsöryggi sem feður. Samband karlmanna við sína eigin feður hefur áhrif á hvernig þeir skynja sig í föðurhlutverkinu og ef sambandið er náið eru meiri líkur á að þeir líti jákvæðum augum á sjálfa sig sem feður. Feður sem eiga ekki sterka föðurímynd virðast finnast mikilvægt að sinna börnum sínum. Fleiri þættir eins og menntun mæðra og persónueinkenni nýbakaðra feðra hefur áhrif á hversu öruggir þeir eru sem feður og hversu mikla streitu þeir upplifa (Diaz, 2014; Guzzo, 2011). Hjúkrunarfræðingar þurfa að vera meðvitaðir um að mismunandi bakgrunnur feðra hefur áhrif á tengslamyndun þeirra við ungbörn sín og mikilvægt er að fylgjast með þróun tengslamyndunar barna og feðra ef ofantaldir áhættuþættir eru til staðar.

#### **4.4 Hver er reynsla feðra af föðurhlutverkinu?**

Feður virðast upplifa miklar breytingar á lífi sínu eftir fæðingu barna sinna. Þeir eru spenntir fyrir komu barnanna, lífið verður óútreiknanlegt og á sama tíma upplifa þeir kvíða og frelsismissi. Þeim finnst mikilvægt að halda í persónuleg áhugamál sín og eru hræddir um að tapa sjálfum sér ef þeir leggja áhugamál sín til hliðar til þess að hugsa um börnin, samt sem áður fyllast þeir stolti yfir hvítvoðungunum (Fägerskiöld, 2008; Fenwick o.fl., 2012; Premberg o.fl., 2008). Bell og fleiri (2007) komust að því að feður sýndu þó áhugamálum minni athygli og vildu verja sem mestum tíma með barni sínu.

Sýnt hefur verið fram á að feður undirbúa sig almennt ekki andlega fyrir fæðingu barna sinna, heldur einbeita þeir sér frekar að hlutlægum verkefnum líkt og að gera barnaherbergi tilbúið og pakka í

tösku fyrir mæður (Fenwick o.fl., 2012; Longworth og Kingdon, 2011). Í mæðraskoðunum skynja feður sig oft útundan þar sem þeir upplifa ekki líkamleg einkenni meðgöngu og fá síður athygli frá ljósmæðrum (Fenwick o.fl., 2012). Feður virðast einnig upplifa sig sem áhorfendur af fæðingu barna sinna og í rannsókn Longworth og Kingdon (2011) kom fram að feður voru tregir til þess að taka virkan þátt í fæðingunni, voru hræddir um að vera fyrir. Þeir upplifðu skort á upplýsingum og töldu það vera ástæðu fyrir því að þeim fannst þeir ekki hafa stjórn á aðstæðum. Þeim leið illa að horfa uppá maka sinn kveljast og upplifðu hjálparleysi, vissu ekki hvernig þeir gátu aðstoðað maka sinn. Vegna upplýsingaskorts ráðfærðu feður sig við karlkyns vini og vinnufélaga til þess að fræðast og heyra reynslu þeirra af föðurhlutverkinu (Fägerskiöld, 2008). Samkvæmt Hildingsson og fleiri (2011) virðast 82% feðra þó hafa jákvæða reynslu af barneignarferlinu. Því álykta höfundar að mikilvægt sé að halda vel utan um feður í barneignarferlinu og veita þeim upplýsingar um hvers er að vænta bæði á meðgöngu og í fæðingu til þess að stuðla frekar að jákvæðri reynslu af þessu ferli og hvatt til tengslamyndunar.

Fyrst eftir fæðingu virðast feður reyna að halda ákveðinni fjarlægð við nýburana en þegar heim er komið dregur úr þessari fjarlægð og þeir tengjast þeim betur (Longworth og Kingdon, 2011). Hugsanlega er það vegna þess að feður eru óruggari inná sjúkrahúsum þar sem öll athyglin er á þeim á meðan fjölskyldan dvelur á legudeild en einnig gæti verið að þeim finnist þeir vera undir miklu álagi á sjúkrahúsinu. Þeir eru að ganga inn í nýtt hlutverk og þurfi tíma og næði til þess að tileinka sér það. Eftir því sem lengra líður frá fæðingu virðast feður upplifa aukna ánægju í foreldrahlutverkinu og verða sjálfstæðari í umönnun barna sinna. Þeir skynja sig þó ekki eins örugga í umönnun barna og mæður. Marktæk tengsl voru milli ánægju feðra og kyns barna við áttundu og tólftu viku eftir fæðingu, feður sem höfðu eignast drengi sýndu meiri ánægju en þeir sem höfðu eignast stúlkubörn (Hudson o.fl., 2001). Feður upplifa sig óruggari í föðurhlutverkinu ef þeir eiga stúlkubörn en það virðist þó ekki hafa áhrif á sjálfstæði þeirra (Diaz, 2014; Guzzo, 2011). Hugsanlegt er að feður séu öruggari í hlutverki sínu þegar þeir eignast drengi og tengist þeim betur vegna þess að þeir samsami sig frekar við þá.

Feður virðast skynja að mæður og börn séu tengd sterkum tilfinningaböndum og telja þeir að tengsl sín við börnin muni styrkjast með tíma. Þeim finnst hlutverk sitt frekar vera að vernda mæður og börn gegn utankomandi áreiti (Bell o.fl., 2007). Fägerskiöld (2008) komst að því að feðrum fannst þeir bera jafn mikla ábyrgð á brjóstgjöfum og mæður en hlutverk þeirra væri þó annað, líkt og að aðstoða mæður í þægilega stöðu. Feður sáu yfirleitt einnig um að baða börnin. Þeir upplifðu sig ekki sem aðalumönnunaraðila barnanna og litu svo á að hlutverk þeirra væri að aga börnin meðan mæðurnar voru umhyggjusamar. Höfundar draga þá ályktun að hér gætu verið að togast á bæði gömul og ný gildi og viðhorf samfélagsins sem hefur áhrif á skynjun feðra af föðurhlutverkinu, þeim finnst þeir þurfa að vernda mæður og börn, vera ákveðnir en um leið vilja þeir taka þátt í umönnun barnanna.

Starf feðra virðist einnig hafa áhrif á hvernig þeir skynja föðurhlutverkið. Flestir líta á vinnu sína sem mikilvægt og ábyrgt innlegg í hlutverk sitt sem foreldri en setja þó fjölskylduna í forgang svo þeir missi ekki af mikilvægum stundum í lífi barnanna. Þeir telja mikilvægt að vera til staðar fyrir börn sín í umönnun, uppeldi og fjárhagslega. Þeir upplifa sig lítilvæga í umönnun barna vegna vinnu sinnar og líta á fæðingarorlof sem mikilvægan þátt í að tengjast þeim. Á sama tíma skynja þeir þó aukna

fjárhaglega ábyrgð (Fägerskiöld, 2008; Guzzo, 2011; Premberg o.fl., 2008). Reneflot (2009) komst að því að hálaunuðum feðrum fannst mikilvægara að vinna heldur en verja tíma með fjölskyldu sinni þó flestum í rannsókn Guzzo (2011) hafi fundist mikilvægara að eyða tíma með fjölskyldunni en að vinna. Flestir feður telja því brýnt að tryggja fjárhagslegt öruggi en á sama tíma finnst þeim þó aðkallandi að verja tíma með fjölskyldunni. Höfundar telja einnig að kynbundinn launamunur á milli kynja gæti haft áhrif á að feður upplifi sig nauðbeygða til þess að fara aftur út á vinnumarkaðinn skömmu eftir fæðingu barna sinna, áhugavert væri að skoða það nánar.

Niðurstöður benda því til þess að við fæðingu barna séu feður oft ekki andlega undirbúnir og skynja sig útundan í undirbúningi og fræðslu bæði fyrir og eftir fæðingu. Margir feður finna fyrir skorti á upplýsingum og upplifa hjálparleysi þar sem þeir vita ekki hvað þeir geta gert til að að hafa áhrif á aðstæður (Fenwick o.fl., 2012; Longworth og Kingdon, 2011). Mikilvægt er að auka fræðslu til feðra og fylgjast með líðan þeirra.

#### **4.5 Hvernig er hægt að stuðla að árangursríkri tengslamyndun feðra og ungbarna í hjúkrun?**

Komið hefur fram að á meðgöngu skynji feður sig oft útundan í mæðraskoðun þar sem þeir upplifa ekki líkamleg einkenni eins og mæðurnar. Ljósmeður virðast einnig einblína mikið á líðan verðandi mæðra meðan feðurnir fá litla athygli (Fenwick o.fl., 2012). Á Íslandi tíðkast það að feður séu viðstaddir fæðingu barna sinna. Það eitt og sér hefur áhrif á hversu næmir þeir verða sem feður og einnig samskipti þeirra við börnin í gegnum leik við tveggja ára aldur þeirra (Grossmann o.fl., 2002). Í rannsókn Grossmann og fleiri (2002) kom í ljós að tveir þriðju feðra sem höfðu verið viðstaddir fæðinguna barna sinna sýndu merki um örugga tengslamyndun við þau og því ættu hjúkrunarfræðingar að hvetja feður að vera viðstadda fæðingu. Það virðist þó vanta betri fræðslu um hlutverk feðra meðan á fæðingu stendur. Karlmennt virðast oft ekki vita hvar þeir geta leitað upplýsinga og spyrja því karlkyns vini sína um ráð og leiðbeiningar (Grossmann o.fl. 2002; Fägerskiöld, 2008). Umræðuhópar sem eingöngu er ætlaðir fyrir verðandi feður gætu verið góð lausn, en þar geta þeir nálgast upplýsingar frá öðrum feðrum og lært hvor af öðrum. Rannsókn Fägerskiöld (2008) leiddi í ljós að karlmenn áttu oft erfitt með að læra inn á nýja hlutverkið, lesa í tjáningu barna sinna og meta þarfir þeirra fyrst eftir fæðingu. Það gerði það að verkum að þeir áttu erfiðara með að tengjast börnunum því þá vantaði sárlega fræðslu um fæðingu og gang hennar sem og um hegðun nýbura. Í rannsókn Magill-Evans og fleiri (2006) kom í ljós að íhlutanir eins og ungbarnanudd og kengúrumeðferð, sem hjúkrunarfræðingar taka þátt í að veita, skiluðu marktækum árangri þegar horft var til samskipta feðra og barna. Feður geta upplifað sig einangraða eftir fæðingu barna og virðast námskeið líkt og kennsla í ungbarnanuddi geta dregið úr einangrun þeirra (Cheng o.fl., 2011). Þeir feður sem veita börnum sínum nuddmeðferð skynja síður hegðunarvandamál hjá þeim. Ungbörnin verða skapbetri og mynda frekar augnsamband við feður sem hefur hvetjandi áhrif á þróun tengsla. Íhlutun eins og kengúrumeðferð á ungbarnagjörgæslu virðist einnig hafa áhrif en þau börn sýna betri hreyfi- og vitsmunalegan þroska við þriggja mánaða aldur. Hversu oft þessum íhlutunum er beitt hefur áhrif. Feður upplifa jákvæðustu áhrifin því oftast sem þeim er beitt. Þeir eru frekar til staðar fyrir börn sín og

hvetja þau áfram (Magill-Evans o.fl., 2006). Hlutverk hjúkrunarfræðinga mætti því beinast í meira mæli að feðrum með aukinni fræðslu og betra eftirliti. Einnig væri hægt að stuðla að betri tengslamyndun með ofangreindum íhlutunum. Heimavitjanir frá heilsugæsluhjúkrunarfræðingum virðist hjálpa feðrum að verða meðvitaðri um samskipti við 5 mánaða börn sín sem byggir grunn að góðum samskiptum til framtíðar (Benzies o.fl. 2008). Þjónustuformið hefur jákvæð áhrif á þróun tengsla feðra við börn sín. Það eykur skilning þeirra á líðan barna sinna og feður eiga auðveldara með að eiga í samskiptum við þau (Lawrence o.fl., 2013).

Barneign getur reynt mikið á samband foreldra, þar sem mikill tími fer í að snúast kringum börnin og þarfir þeirra allan sólarhringinn. Bell og fleiri (2007) komust að því að á sjöttu viku eftir fæðingu barna myndaðist oft spenna á milli mæðra og feðra þar sem þau voru bæði að tileinka sér nýja þekkingu og við þá aðlögun getur skapast mikil streita og óskipulag. Við sextánda viku virtist oft vera komið eitthvað jafnvægi á fjölskyldulífið. Feður tjáðu opin samskipti vera mikilvægan þátt í því að viðhalda góðu sambandi og það er því mikilvægt að hjúkrunarfræðingar hvetji foreldra til að tjá sig um líðan og hafi í huga þessar aðlögunarbreytingar. Þó fræðsla sé gríðarlega mikilvæg sýndi rannsókn Hildingsson og fleiri (2011) að stuðningur væri mikilvægari en upplýsingar fyrir þá feður sem væru að eignast sitt fyrsta barn.

Gefa þarf andlegri líðan feðra meiri gaum því hún getur haft áhrif á andlega líðan og hegðun barna þeirra seinna meir. Þeir feður sem þróa með sér fæðingarþunglyndi tjá sig minna við börn sín og eyða færri stundum með þeim (Ramchandani o.fl., 2005). Mikilvægt er því að skima ekki eingöngu fyrir andlegri vanlíðan hjá mæðrum heldur einnig feðrum. Edinborgarþunglyndiskvarðinn hefur alla jafna verið notaður fyrir konur en hann er einnig gilt skimunartæki fyrir þunglyndi karlmannna. Þó ber að hafa í huga að karlmenn þurfa lægri stigafjölda á kvarðanum til þess að vera í hættu á að þróa með sér fæðingarþunglyndi en konur. The Gotland Male þunglyndiskvarði tekur betur mið af sérstökum þunglyndiseinkennum feðra eins og reiðiköstum og misnotkun áfengis- og fíkniefna og mætti því líka nota hann (Schumacher o.fl., 2008).

Það er því ljóst að hjúkrunarfræðingar gegna mikilvægu hlutverki í að halda utan um nýbakaða feður. Þeir skynja sig oft útundan og virðast ekki vita hvar þeir geta leitað upplýsinga (Fenwick o.fl., 2012; Grossmann o.fl., 2002). Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar veiti feðrum fræðslu og/eða kennslu í að lesa í tjáningu og hegðun barna þar sem það getur ýtt undir betri tengslamyndun (Fägerskiöld, 2008). Íhlutanir líkt og ungbarnanudd, kengúrumeðferð og heimavitjanir virðist hafa jákvæð áhrif á samskipti feðra og barna (Magill-Evans o.fl., 2006; Benzies o.fl., 2008). Einnig þarf að hafa í huga áhrif barneigna á samband foreldra og fræða foreldra um breytingar sem geta orðið á sambandi þeirra við fæðingu barna (Bell o.fl., 2007). Fæðingarþunglyndi feðra getur leitt til þess að þeir sýni börnum sínum minni áhuga og getur því valdið lélegri tengslamyndun. Fæðingarþunglyndi getur einnig haft neikvæð áhrif á andlega líðan og hegðun barna seinna meir (Ramchandani o.fl., 2005; Schumacher o.fl., 2008). Því er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar skimi fyrir fæðingarþunglyndi feðra jafnt sem mæðra og þannig reynt að fyrirbyggja áhættuþætti sem geti þannig haft áhrif á árangursríka tengslamyndun barna.

## Ályktanir

Hvatning höfunda við gerð þessarar fræðilegu samantektar var aukin vitundarvakning í samfélaginu um mikilvægi þátttöku feðra í umönnun ungbarna. Við fengum jákvæð viðbrögð við efnistöfum ritgerðarinnar og gaf það okkur byr undir báða vængi og staðfesti mikilvægi þessarar fræðilegu samantektar.

Niðurstöður eru þær að það eru margir þættir sem koma að myndun öruggra tengsla milli feðra og ungbarna. Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingar séu meðvitaðir um að feður séu að ganga inn í nýtt hlutverk þegar börn fæðast. Líf þeirra kemur til með að breytast og því er mikilvægt að halda vel utan um þá og huga að andlegri líðan þeirra. Það er ekki einungis áriðandi fyrir feðurna heldur hefur góð tengslamyndun feðra við börn sín jákvæð áhrif á andlega og líkamlega líðan barna í framtíðinni. Því telja höfundar að brýnt sé fyrir hjúkrunarfræðinga að þekkja einkenni fæðingarþunglyndis hjá feðrum og hvernig hægt er að fræða þá um fyrstu skref sín í foreldrahlutverkinu. Höfundum finnst einnig mikilvægt að feður séu skimaðir fyrir fæðingarþunglyndi líkt og mæður en hafa þarf í huga að Edinborgarþunglyndiskvarðinn er miðaður að konum þó kvarðinn sé einnig gildur fyrir karlmenn. Gotland Male þunglyndiskvarðinn er þó sérstaklega hannaður fyrir menn. Einnig er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar í ungbarnavernd geri sér grein fyrir því að vandamál líkt og óvæð barna getur komið í veg fyrir örugga tengslamyndun milli feðra og ungbarna.

Flestir feður vilja eyða tíma með börnum sínum en finna samt sem áður fyrir fjárhagslegri ábyrgð og fara því oft fyrr út á vinnumarkað eftir fæðingu barna en mæður. Því getur verið nauðsynlegt að fræða þá um ávinning þess að taka fæðingarorlof og er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar nýti sér þekkingu sína í almennri umræðu og minni á mikilvægi fæðingarorlofs fyrir tengslamyndun feðra og ungbarna.

Föðurímynd og uppeldi karlmannna hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra og sjálfsöryggi sem feður. Menntun mæðra, persónueinkenni nýbakaðra feðra og næmni þeirra hefur áhrif á tengslamyndun. Því er mikilvægt að hjúkrunarfræðingar þekki áhrif þessara þátta á tengslamyndun og með fræðslu og betra eftirliti reynt að stuðla að árangursríkri tengslamyndun.

Eftir að hafa kynnt sér fjölda rannsókna sem snúa að tengslamyndun feðra við börn sín telja höfundar að mikil ábyrgð hvíli á höndum hjúkrunarfræðinga þegar kemur að fræðslu til feðra og mikilvægt er að hún hefjist strax á meðgöngu. Höfundar telja þörf á að opna umræðuna enn frekar um gildi öruggrar tengslamyndunar feðra við börn. Rannsaka mætti betur langtímaáhrif öruggrar tengslamyndunar feðra og ungbarna, hvernig tengsl milli barna og feðra þróast ásamt því að kanna birtingarmynd tryggjar tengslamyndunar. Einnig finnst höfundum núverandi rannsóknir leggja of mikla áherslu á samskipti feðra og barna í gegnum leik.



## Takmarkanir og styrkleikar

Aldur rannsókna sem notaðar voru í fræðilegu samantektinni hefur takmarkandi áhrif á niðurstöður hennar. Einnig báru niðurstöður nokkurra rannsókna ekki saman og því var erfitt að komast að afgerandi niðurstöðum. Rannsóknirnar voru víðsvegar að úr heiminum og því ekki alltaf hægt að staðfæra þær yfir á íslenskt samfélag. Einungis voru skoðaðar rannsóknir á ensku og þar sem heildartextinn var aðgengilegur, því er möguleiki á að höfundar hafi misst af mikilvægum greinum sem uppfylltu ekki þessi skilyrði.

Hins vegar voru 35 rannsóknir sem tengdust tengslamyndun feðra og ungbarna notaðar í samantektinni. Einnig voru nýttar bæði meginlegar og eigindlegar rannsóknir í fræðilegu samantektina sem og langtímarannsóknir sem ættu að gefa greinargóðar upplýsingar um hvað hefur áhrif á öryggi tengslamyndunar. Styrkleiki slíkrar fræðilegrar úttektar er að hjúkrunarfræðingar geri sér betur grein fyrir hvar skóinn kreppir þegar kemur að fræðslu til verðandi feðra og verða betur í stakk búnir til að styrkja þá, hvað varðar tengslamyndun feðra og ungbarna.

## Heimildaskrá

- Ainsworth, M.D.S., Bell, S. M. og Stayton, D. J. (1974). Infant-mother attachment and social development: 'Socialisation' as a product of reciprocal responsiveness to signals. London: Cambridge University Press.
- Ainsworth, M.D.S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. N. (1978). Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation. Oxford, England: Lawrence Erlbaum.
- Ainsworth, M.D.S. (1969). Object Relations, Dependency, and Attachment: A Theoretical Review of the Infant-Mother Relationship. *Child Dev*, 40(4), 969. Sótt af <http://search.ebscohost.com/login.aspx?direct=true&db=aph&AN=10400475&site=ehost-live>
- Anderzen-Carlsson, A., Lamy, Z. C. og Eriksson, M. (2014). Parental experiences of providing skin-to-skin care to their newborn infant--part 1: a qualitative systematic review. *Int J Qual Stud Health Well-being*, 9, 24906. doi:10.3402/qhw.v9.24906
- Bell, L., Goulet, C., St-Cyr Tribble, D., Paul, D., Boisclair, A. og Tronick, E. Z. (2007). Mothers' and fathers' views of the interdependence of their relationships with their infant: a systems perspective on early family relationships. *J Fam Nurs*, 13(2), 179-200. doi:10.1177/1074840707300774
- Benzies, K., Magill-Evans, J., Harrison, M. J., MacPhail, S. og Kimak, C. (2008). Strengthening new fathers' skills in interaction with their 5-month-old infants: who benefits from a brief intervention? *Public Health Nurs*, 25(5), 431-439. doi:10.1111/j.1525-1446.2008.00727.x
- Berger, K. S. (2014). *The developing person through the life span*. New York: Worth Publishers.
- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss*. New York: Basic Books.
- Brown, G. L., Mangelsdorf, S. C. og Neff, C. (2012). Father involvement, paternal sensitivity, and father-child attachment security in the first 3 years. *J Fam Psychol*, 26(3), 421-430. doi:10.1037/a0027836
- Cheng, C. D., Volk, A. A. og Marini, Z. A. (2011). Supporting fathering through infant massage. *J Perinat Educ*, 20(4), 200-209. doi:10.1891/1058-1243.20.4.200
- Condon, J., Corkindale, C., Boyce, P. og Gamble, E. (2013). A longitudinal study of father-to-infant attachment: antecedents and correlates. *J Reprod Infant Psych*, 31(1), 15-30 16p. doi:10.1080/02646838.2012.757694
- Diaz, C. J. (2014). Social mobility in the context of fathering: The intergenerational link in parenting among co-resident fathers. *Soc Sci Res*, 47, 1-15. doi:<http://dx.doi.org/10.1016/j.ssresearch.2014.03.008>
- Dienhart, A. og Daly, K. (1997). Men and women cocreating father involvement in a nongenerative culture. Í Hawkins, A.J. & Dollahite, D.C. (Eds.) *Generative fathering: Beyond deficit perspectives* (pp. 147-164). Thousand Oaks, CA: Sage.
- Erel, O. og Burman, B. (1995). Interrelatedness of marital relations and parent-child relations: a meta-analytic review. *Psychol Bull*, 118(1), 108-132.

- Fägerskiöld, A. (2008). A change in life as experienced by first-time fathers. *Scand J Caring Sci*, 22(1), 64-71. doi:10.1111/j.1471-6712.2007.00585.x
- Fenwick, J., Bayes, S. og Johansson, M. (2012). A qualitative investigation into the pregnancy experiences and childbirth expectations of Australian fathers-to-be. *Sex Reprod Health*, 3(1), 3-9. doi:10.1016/j.srhc.2011.11.001
- Grossmann, K., Grossmann, K. E., Fremmer-Bombik, E., Kindler, H., Scheuerer-Englisch, H., Zimmermann og Peter. (2002). The Uniqueness of the Child–Father Attachment Relationship: Fathers' Sensitive and Challenging Play as a Pivotal Variable in a 16-year Longitudinal Study. *Soc Dev*, 11(3), 301-337. doi:10.1111/1467-9507.00202
- Guzzo, K. B. (2011). New Father's Experiences with their own Fathers and Attitudes Towards Fathering. *Fathering*, 9(3), 268-290. doi:10.3149/fth.0903.268
- Hagstofa Íslands. (e.d.). Greiðslur vegna fæðingarorlofs eftir kyni. Sótt af <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/felagsmal/almannatryggingar/>
- Hall, R. A., De Waard, I. E., Tooten, A., Hoffenkamp, H. N., Vingerhoets, A. J. og van Bakel, H. J. (2014). From the father's point of view: how father's representations of the infant impact on father-infant interaction and infant development. *Early Hum Dev*, 90(12), 877-883. doi:10.1016/j.earlhumdev.2014.09.010
- Hildingsson, I., Cederlof, L. og Widen, S. (2011). Fathers' birth experience in relation to midwifery care. *Women Birth*, 24(3), 129-136. doi:10.1016/j.wombi.2010.12.003
- Hudson, D. B., Elek, S. M. og Fleck, C. M. (2001). First-time mothers' and fathers' transition to parenthood: infant care self-efficacy, parenting satisfaction, and infant sex. *Issues Compr Pediatr Nurs*, 24(1), 31-43.
- Johansson, M., Fenwick, J. og Premberg, A. (2015). A meta-synthesis of fathers' experiences of their partner's labour and the birth of their baby. *Midwifery*, 31(1), 9-18. doi:10.1016/j.midw.2014.05.005
- Kane, P. og Garber, J. (2004). The relations among depression in fathers, children's psychopathology, and father–child conflict: A meta-analysis. *Clin Psychol Rev*, 24(3), 339-360. doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.cpr.2004.03.004
- Keefe, M. R., Kotzer, A. M., Froese-Fretz, A. og Curtin, M. (1996). A longitudinal comparison of irritable and nonirritable infants. *Nurs Res*, 45(1), 4-9.
- Lamb, M. E. (1975). Fathers: forgotten contributors to child development. *Hum Dev*, 18(4), 245-266.
- Lamb, M.E., Pleck, J. H., Charnov, E. L. og Levine, J. A. (1985). Paternal Behavior in Humans. *Amer Zool*, 25(3), 883-894. Sótt af <http://www.jstor.org/stable/3883043>
- Lawrence, P. J., Davies, B. og Ramchandani, P. G. (2013). Using video feedback to improve early father-infant interaction: a pilot study. *Clin Child Psychol Psychiatry*, 18(1), 61-71. doi:10.1177/1359104512437210
- Lewis, S. N., West, A. F., Stein, A., Malmberg, L. E., Bethell, K., Barnes, J., . . . Leach, P. (2009). A comparison of father-infant interaction between primary and non-primary care giving fathers. *Child Care Health Dev*, 35(2), 199-207. doi:10.1111/j.1365-2214.2008.00913.x

Lög um fæðingar – og foreldraorlof nr. 95/2000.

Longworth, H. L. og Kingdon, C. K. (2011). Fathers in the birth room: what are they expecting and experiencing? A phenomenological study. *Midwifery*, 27(5), 588-594.

doi:10.1016/j.midw.2010.06.013

Lucassen, N., Tharner, A., Van Ijzendoorn, M. H., Bakermans-Kranenburg, M. J., Volling, B. L., Verhulst, F. C., . . . Tiemeier, H. (2011). The association between paternal sensitivity and infant-father attachment security: a meta-analysis of three decades of research. *J Fam Psychol*, 25(6), 986-992. doi:10.1037/a0025855

Magill-Evans, J., Harrison, M. J., Rempel, G. og Slater, L. (2006). Interventions with fathers of young children: systematic literature review. *J Adv Nurs*, 55(2), 248-264. doi:10.1111/j.1365-2648.2006.03896.x

Paulson, J. F., Keefe, H. A. og Leiferman, J. A. (2009). Early parental depression and child language development. *J Child Psychol Psychiatry*, 50(3), 254-262. doi:10.1111/j.1469-7610.2008.01973.x

Planalp, E. M. og Braungart-Rieker, J. M. (2013). Temperamental precursors of infant attachment with mothers and fathers. *Infant Behav Dev*, 36(4), 796-808.

doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.infbeh.2013.09.004

Premberg, A., Hellstrom, A. L. og Berg, M. (2008). Experiences of the first year as father. *Scand J Caring Sci*, 22(1), 56-63. doi:10.1111/j.1471-6712.2007.00584.x

Räihä, H., Lehtonen, L., Huhtala, V., Saleva, K. og Korvenranta, H. (2002). Excessively crying infant in the family: mother-infant, father-infant and mother-father interaction. *Child Care Health Dev*, 28(5), 419-429.

Ramchandani, P., Stein, A., Evans, J. og O'Connor, T. G. (2005). Paternal depression in the postnatal period and child development: a prospective population study. *The Lancet*, 365(9478), 2201-2205. doi:http://dx.doi.org/10.1016/S0140-6736(05)66778-5

Reneflot, A. (2009). Do married and cohabiting fathers differ in their commitments to fathering? *Adv Life Course Res*, 14(4), 162-170. doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.alcr.2010.02.002

Sarkadi, A., Kristiansson, R., Oberklaid, F. og Bremberg, S. (2008). Fathers' involvement and children's developmental outcomes: a systematic review of longitudinal studies. *Acta Paediatr*, 97(2), 153-158. doi:10.1111/j.1651-2227.2007.00572.x

Schumacher, M., Zubaran, C. og White, G. (2008). Bringing birth-related paternal depression to the fore. *Women Birth*, 21(2), 65-70. doi:http://dx.doi.org/10.1016/j.wombi.2008.03.008

Sethna, V., Murray, L., Netsi, E., Psychogiou, L. og Ramchandani, P. G. (2015). Paternal Depression in the Postnatal Period and Early Father-Infant Interactions. *Parent Sci Pract*, 15(1), 1-8.

doi:10.1080/15295192.2015.992732

van den Bloom, D. C. og Hoeksma, J. B. (1994). The effect of infant irritability on mother-infant interaction: A growth-curve analysis. *Dev Psychol*, 30(4), 581-590. doi:10.1037/0012-1649.30.4.581

- Volling, B. L., McElwain, N. L., Notaro, P. C. og Herrera, C. (2002). Parents' emotional availability and infant emotional competence: predictors of parent-infant attachment and emerging self-regulation. *J Fam Psychol*, 16(4), 447-465.
- Wee, K. Y., Skouteris, H., Pier, C., Richardson, B. og Milgrom, J. (2011). Correlates of ante- and postnatal depression in fathers: a systematic review. *J Affect Disord*, 130(3), 358-377.  
doi:10.1016/j.jad.2010.06.019
- Wong, M. S., Mangelsdorf, S. C., Brown, G. L., Neff, C. og Schoppe-Sullivan, S. J. (2009). Parental beliefs, infant temperament, and marital quality: associations with infant-mother and infant-father attachment. *J Fam Psychol*, 23(6), 828-838. doi:10.1037/a0016491
- Yago, S., Hirose, T., Okamitsu, M., Okabayashi, Y., Hiroi, K., Nakagawa, N. og Omori, T. (2014). Differences and similarities between father-infant interaction and mother-infant interaction. *J Med Dent Sci*, 61(1), 7-16.